

Knattspyrnufélag Reykjavíkur

# Íþróttanámskrá



**Íþróttanámskrá Knattspyrnufélags Reykjavíkur**  
**© Knattspyrnufélag Reykjavíkur, Reykjavík 2003**

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda og höfundar.

Útgefandi: Íþróttabandalag Reykjavíkur  
Höfundur: Janus Guðlaugsson, janus@ismennt.is  
Teikningar: Sigurður Valur Sigurðsson  
Umbrot: Gunnar Þór Halldórsson  
Hönnun og prentvinnsla: IDNÚ

## FORMÁLI

Frá því að Knattspyrnufélag Reykjavíkur var stofnað þann 16. febrúar árið 1899 hafa viðhorf og vinnubrögð breyst og mikil framþróun orðið á öllum sviðum samfélagsins. Þessar breytingar hafa ekki farið fram hjá íþróttafélögunum og aðstaða og kröfur eru því af annarri stærðargráðu í dag en áður fyrr þegar strákar byrjuðu að sparka bolta á gamla Melavellinum.

Innan Knattspyrnufélags Reykjavíkur eru níu deildir auk þriggja klúbba sem eru með sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórnir. Það segir sig sjálft að svo umsvifamikið félag kallar á góða aðstöðu og nákvæmt skipulag. Félagið hefur alltaf leitast við að byggja sínum félögum sem besta aðstöðu til íþróttaiðkunar og það sannar hið glæsilega íþróttahús okkar í Frostaskjóli.

Það er öllum nauðsyn að stunda íþróttir. Félagið er einn af mörgum nauðsynlegum hlekkjum í keðju uppalenda og hefur því leitast við að starfa með grunnskólum hverfisins ásamt öðrum sem að málefnum barna og unglinga koma. Þetta samstarf hefur gengið vel og mun vonandi eflast á komandi árum. Félagið leggur mikla áherslu á fagleg og vönduð vinnubrögð

og á menntun þjálfara. Útkoma íþróttanámskrár er staðfesting á þeirri uppbyggingu og skipulagsvinnu sem fram hefur farið innan félagsins og sýnir glögglega að um markvissa starfsemi er að ræða, sem leitast við að vera til fyrirmyndar í hvívetna.

Íþróttanámskráin á að vera handbók stjórna, þjálfara og annarra sem að félaginu standa til að framfylgja stefnu ÍSÍ um þjálfun barna og unglunga. Að lokum þakka ég Íþróttabandalagi Reykjavíkur fyrir að styrkja útkomu þessarar námskrár. Öllum þeim sem komu að undirbúningi við skrána vil ég einnig þakka sitt framlag. Megi rit þetta verða öllum KR-ingum til góðs.

*Reykjavík, 6. apríl 2003*

*Kristinn Jónsson, formaður*

# EFNISYFIRLIT

Formáli .....	3
Efnisyfirlit .....	6
1. Inngangur .....	8
2. Íþróttanámskrá .....	9

## I. HLUÐI - KNATTSPYRNUFÉLAG REYKJAVÍKUR

3. Knattspyrnufélag Reykjavíkur - sögulegt yfirlit .....	13
4. Lög Knattspyrnufélags Reykjavíkur .....	17
5. Stefna og markmið .....	27
6. Skipun stjórnar og hlutverk stjórnenda .....	36
6.1 Meginhlutverk stjórnar .....	37
6.2 Formaður .....	38
6.3 Varaformaður .....	39
6.4 Ritari .....	39
6.5 Gjaldkeri .....	39
6.6 Spjaldskrárritari .....	40
6.7 Meðstjórnendur .....	40
7. Stjórnun og skipurit .....	41
7.1 Fjármálasvið .....	42
7.2 Fræðslusvið .....	43
7.3 Þjálfunarsvið .....	44
7.4 Þjónustusvið .....	47
7.5 Starfsnefndir .....	48
7.6 Starfsmenn aðalstjórnar .....	49
8. Íþróttadeildir Knattspyrnufélags Reykjavíkur .....	51
8.1 Rekstur .....	52
8.2 Félagsmál .....	52
8.3 Ráðning þjálfara .....	52
8.4 Markmið með íþróttaiðkun í deildum .....	53
8.5 Upplýsingar um íþróttadeildir .....	54
9. Keppnis-, æfinga- og félagsaðstaða .....	77

## II. HLUÐI - ÞJÁLFUN OG SKIPULAG

10. Íþróttaskóli .....	79
11. Undirbúningur þjálfunar .....	86
11.1 Áætlanagerð .....	87
11.2 Ársáætlun .....	88
11.3 Dæmi um útfærslu á ársáætlun .....	92
11.4 Mánaðaráætlun .....	92
11.5 Æfingatími .....	93
11.6 Innihald æfinga .....	94
11.7 Ýmis mikilvæg atriði .....	96
11.8 Þjálfarastarfið .....	101
11.9 Þjálfaramenntun .....	107

### III. HLU TI - ÞJÁL FUN OG ÞROSKI

12.	Proskapættir .....	109
	12.1 Skyn- og hreyfiþroski .....	110
	12.2 Líkamsþroski .....	111
	12.3 Félags- og siðgæðisþroski .....	115
	12.4 Tilfinningaþroski .....	118
	12.5 Vitsmunaproski .....	119
	12.6 Fagurþroski .....	122
13.	Þroski barna og unglínga .....	123
	13.1 Aldurinn 6 - 12 ára .....	126
	13.2 Kynþroskaárin - 12 - 14 ára .....	129
	13.3 Kynþroskaárin - 14 - 16 ára .....	133
	13.4 Unglíngsár - 16 - 19 ára .....	135
14.	Grundvallaratriði í þjálfun barna og unglínga .....	137
	14.1 Barna- og unglíngaþjálfun sem undirstöðuþjálfun .....	138
	14.2 Almenn grunnatriði þjálfunar .....	139
	14.3 Þjálfun barna á aldrinum 6 - 8 ára .....	143
	14.4 Þjálfun barna á aldrinum 8 - 12 ára .....	145
	14.5 Þjálfun á kynþroskaárum - 12 - 14 ára unglíngar .....	152
	14.6 Þjálfun á kynþroskaárum - 14 - 16 ára unglíngar .....	155
	14.7 Þjálfun 16 - 19 ára unglínga .....	159
	14.8 Líkamsþrek og þjálfun .....	161
	14.9 Stefnuyfirlýsing ÍSÍ um barna- og unglíngaíþróttir .....	163

### IV. HLU TI - ÝMIS ATRIÐI

15.	Fundir .....	165
16.	Reglugerð ÍSÍ um bókhald .....	168
17.	Stefna Knattspyrnufélags Reykjavíkur í vímuvörnum .....	181
18.	Íþróttareglur barnanna .....	184
19.	Samvinna heimila og íþróttafélaga .....	187
20.	Ábendingar til foreldra .....	191
21.	Jafnrétti í starfi íþróttafélaga .....	193
22.	Stefnuyfirlýsing ÍSÍ um barna- og unglíngaíþróttir .....	195
23.	Stefnuyfirlýsing ÍSÍ um þjálfaramenntun .....	201
24.	Mat á starfsemi íþróttafélaga .....	204
	Heimildaskrá .....	207

# 1. INNGANGUR

Í formála segir að markmið með gerð þessarar íþróttanámskrár sé að móta framtíðarstefnu í uppbyggingu íþróttatómstunda hjá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur. Þessi íþróttanámskrá nær m.a. yfir almenn stjórnunarstörf hjá félaginu, fjallar um stefnu og markmið þess, helstu atriði sem snúa að þjálfun barna og unglinga og almenna uppbyggingu og stjórnun íþróttanna.

Námskránni er skipt í fjóra hluta. *Fyrsti hluti* nær yfir félagið, lög og starfsemi, stefnu, markmið, skipurit og aðstöðu. *Annar hluti* fjallar um íþróttaskóla og þjálfun í íþróttafélögum, s.s. skipulag þjálfunar og helstu hlutverk þjálfara. *Þriðji hlutinn* fjallar um þroska barna og unglinga og ýmis þjálffræðileg og uppeldisleg atriði sem hverjum þeim sem starfar með börnum og unglingum er nauðsynlegt að vita. *Fjórdi og síðasti hluti* námskrárinnar fjallar um ýmis atriði sem tengjast íþróttafélaginu. Þetta eru atriði eins og stefna íþróttafélagsins í vímuevörnum, íþróttareglur barna, foreldrasamstarf, helstu stefnur Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og mat á starfi íþróttafélaga.



## 2. ÍPRÓTTANÁMSKRÁ

Íþróttanámskrá Knattspyrnufélags Reykjavíkur er tæki til stjórnunar og samræmingar á skipulagi og þjálfun íþrótta. Íþróttanámskráin nær sérstaklega til stjórnunar og þjálfunar en einnig til íþrótta- og tómstundastarfs barna og unglunga og tekur þannig mið af ýmsum almennum þáttum í skipulagi og starfsemi íþróttafélaga.

Íþróttanámskráin er sérstaklega ætluð þeim sem sinna starfi innan félagsins en einnig þeim aðilum sem tengjast á einn eða annan hátt starfsemi þess. Hún nýtist þessum aðilum sérstaklega vegna ýmissa upplýsinga sem hér er að finna, þeirra markmiða sem stefnt er að og þess skipulags sem bandalagið og íþróttafélög vinna eftir. Þá nýtist hún sérstaklega íþróttþjálfurum félagsins auk þess sem hún stuðlar að samvinnu og árangursríku starfi. Í íþróttanámskránni er einnig að finna ýmsar útskýringar, leiðbeiningar og ábendingar um starf og stefnu Knattspyrnufélags Reykjavíkur.

## 2.1 Grunnur að markvissu íþróttastarfi

Eitt einkenni góðs þjálfara er hvernig hann skipuleggur starf sitt og vinnur þjálfunaráætlun fram í tímann. Slík áætlun tekur óhjákvæmilega mið af markmiðum þjálfunar, iðkenda-hópi, tíma og aðstæðum hverju sinni. Á sama hátt er markviss starfsáætlun og góð stjórnslá eitt af einkennum góðs íþróttafélags. Starfsáætlun þarf að taka til alls þess sem gert er og gera á og byggja á sömu forsendum og þjálfunaráætlanir. Hún þarf að vísu að vera víðtækari og gefa heildarsýn yfir alla starfsemi hjá félaginu.

Þjálfunaráætlanir eða starfsáætlanir eru í sjálfu sér engin ný vísindi. Hins vegar er ekki langt síðan farið var að nota orðið *íþróttanámskrá* yfir starfsemi og skipulag íþróttafélaga þar sem þættir eins og stefna, markmið, skipulag og skipurit eru gerð sýnileg.

## 2.2 Leiðarvísir í starfi íþróttafélags

Þessari íþróttanámskrá er ætlað að vera leiðarvísir að markvissu starfi Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Hún lýsir stefnum og markmiðum sem unnið er eftir. Það er markmið þessarar íþróttanámskrár að ná til sem flestra þátta í starfi félagsins og gera þeim góð skil. Hún inniheldur ekki aðeins lýsingar á aðstæðum, markmiðum og þjálfunaraðferðum. Hún tekur einnig á skipulagi starfsins, félagslífi, samskiptum og samvinnu, aga, reglum og umgengni. Í námskránni er lýsing á því sem gert hefur verið, en einnig rökstuddar áætlanir fram í tímann og framtíðarsýn. Með markvissri vinnu að íþróttanámskrá Knattspyrnufélags Reykjavíkur má þannig nálgast ýmis eftirsóknarverð atriði:

- Fagmennsku í starfi
- Samvinnu og samheldni félagsmanna
- Framsetningu markmiða í stjórnun og rekstri
- Aukinn möguleika á gæðamati á starfi
- Markvissa þróun íþróttastarfs
- Útbreiðslu upplýsinga um starf félagsins

## 2.3 Samvinna og samstaða

Einn mikilvægasti ávinningur við stefnumótun og gerð íþróttanámskrár er e.t.v. sú samvinna og samstaða sem slík vinna skapar. Í flestum tilvikum birtist afrakstur slíkrar vinnu í rituðu formi eins og nú. En hún getur einnig verið sett fram í bæklingum eða stærri ritum sem gjarnan eru afhent og kynnt foreldrum, starfsmönnum skóla, bandalaga, sveitarstjórna eða öðrum sem hlut eiga að máli. Fullgerð íþróttanámskrá í rituðu máli er þó ekki takmark í sjálfu sér þó svo að slíkt hafi orðið að veruleika. Aðalatriðum hennar má allt eins koma á framfæri á annan hátt, t.d. munnlega eða á myndrænan hátt. Slíkt mun verða gert í kjölfar þessarar útkomu.

## 2.4 Stefnumörkun íþróttahreyfingar

Þeim sem stjórna og vinna við íþróttahjálfun ber siðferðileg skylda til þess að gera sjálfum sér og öðrum grein fyrir því á hvern hátt þeir hyggjast vinna til þess að uppfylla stefnumið og markmið íþróttahreyfingarinnar. Þeir þurfa einnig að geta svarað því hvaða leiðir þeir ætla að fara til að ná þeim markmiðum sem íþróttafélagið hefur sett sér. Þá þurfa þeir að geta rökstutt hvers vegna þessar leiðir eru valdar en ekki einhverjar aðrar til að ná settum markmiðum. Í því síðarnefnda felst munurinn á starfsáætlun og íþróttanámskrá. Þetta er e.t.v. kjarni þess sem kalla mætti fagmennsku í stjórnun og hjálfun íþróttar.

## 2.5 Íþróttanámskrágerð

Fyrir tilstuðlan stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur var haldið stefnumótunarnámskeið 29. mars 2001 fyrir stjórnarmenn, þjálfara og aðra félagsmenn. Námskeiðið var í umsjón Janusar Guðlaugssonar íþróttafraeðings. Á námskeiðinu náðist að ljúka við helstu stefnur og markmið sem félagið ætlar að setja sér í upphafi þessarar aldar.

Nokkrir undirbúningsfundir höfðu átt sér stað fyrir námskeiðið þar sem lagður var grunnur að vinnuferli sem ljúka skyldi með útgáfu íþróttanámskrár KR. Eitt af markmiðum

Íþróttanámskrágerðar af þessu tagi er að gera starf félagsins markvissara og sýnilegra. Íþróttanámskráin er þannig tæki til stefnumótunar félagsins og deilda þess sem leiða á til betri samvinnu, aukinnar fagmennsku og betri árangurs á næstu árum.



### 3. KNATTSPYRNUFÉLAG REYKJAVÍKUR - SÖGULEGT YFIRLIT

#### Fyrstu árin

Saga Knattspyrnufélags Reykjavíkur er ekki einungis íþróttasaga, hún er meira en það eins og Ellert Schram kemst að orði í formála bókarinnar um 100 ára sögu KR, sem jafnframt má benda á til öflunar frekari fróðleiks um sögu KR. Orðrétt segir hann:

*„Hún er þjóðlífið í hnotskurn, hún endurspeglar vonir og hvatir reykviðs æskulýðs, er lifandi frásögn þróunar og atburða og afreka, þar sem eitt tekur við af öðru í takt við mannlífið í henni Reykjavík. Ungu drengirnir sem stofnuðu félagið í upphafi voru afsprengi aldamóta og árdaga þjóðar sem var að vakna til lífsins: Mennirnir sem breyttu litlu fóboltafélagi í alhliða íþróttasamtök voru frumherjarnir sem stofnuðu lýðveldið, og lýðveldið og kynslóðin sem á eftir fylgdi naut frelslis og framfara, sem lýsir sér best í afrekum íslenskra íþróttamanna á fimmta og sjötta áratugnum og allt fram á þennan dag. Þriðja og fjórða kynslóð KR-inga hefur svo sannarlega ekki látið deigan síga og haldið merki félagsins myndarlega á lofti.*

*En KR ól ekki aðeins af sér afrek og sigra á íþróttavellinum. Félagið festi rætur í lífi þeirra sem þar störfuðu og kepptu, rætur sem urðu að gildum stofni og efldu með fólki og félagsmönnum samheldni, metnað og tryggnabönd. Einu sinni KR-ingur - alltaf KR-ingur. Hve oft höfum við ekki heyrt þessa setningu og fundið fyrir henni sjálf. Hún lýsir þeirri sterku hefð sem ríkir í KR, félagskennnd og virðingu sem félagið nýtur í anda þeirra sem mótuðu það og stýrðu. Og sporgöngumanna þeirra.*

*Auðvitað hafa skipst á skin og skúrir og gengi íþróttamanna félagsins hefur verið misjafnt: Margir glæstir sigrar en áföll og ósigrar þess á milli. Það er eðli keppinnar og inn-tak íþróttanna að sigra með æðruleysi en tapa með sæmd. En starfsemi íþróttafélags sem hefur skapað sér nafn er ekki ein-vörðungu fólgin í keppninni og sigurlaununum. Tilgangur félags á borð við KR er einnig og ekki síður uppeldi æskunnar, viðnám gegn óreglu, ræktun félagsþroska og tengsl við hverfisbúa, borgarbúa og landsmenn alla. Að byggja upp orðstír."*

Upphaf stofnunar Knattspyrnufélags Reykjavíkur má rekja til þess er áhugasamir unglingar tóku höndum saman og stofnuðu félag, fyrsta knattspyrnufélag á Íslandi, árið 1899. Lengst af var talið að félagið hafi verið stofnað í marsmánuði það ár en nú er lítið á 16. febrúar sem stofndag þess. Félagið hlaut í upphafi nafnið Fótboltafélag Reykjavíkur. Líklegasta skýringin á stofnun félagsins er sú að piltarnir hafi séð ástæðu til að stofna til félags um kaup á boltum og vegna ýmissa annarra skipulagsþátta sem tengdust iðkun íþróttarinnar. Sagan segir að félagið hafi verið stofnað formlega í Verslun Guðmundar Olsens í Aðalstræti, en þar kom saman hópur drengja sem skutu saman fé til boltakaupa. Sem fyrr segir hét félagið fyrst Fótboltafélag Reykjavíkur, en þá var orðið knattspyrna ekki til í íslensku máli. Á aðalfundi árið 1915 var sú breyting gerð á lögum félagsins að nafni þess yrði breytt í Knattspyrnufélag Reykjavíkur eftir tillögu Erlendar Ó. Péturssonar. Var

talið að orðið fótbolti væri bjöguð danska og vildu tillögumenn að hið sanníslenska orð knattspyrna yrði notað í staðinn. Nafnið Knattspyrnufélag Reykjavíkur festist því í sessi og var jafnan skammstafað KR.

Eitt helsta einkenni hvers íþróttaliðs er auðvitað keppnisbúningurinn. Á fyrstu áratugum KR voru búningar yfirleitt keyptir beint frá Bretlandi og sagan segir að ástæða þess að KR-búningurinn er eins og hann er sé sú að um aldamótin 1900 var lið Newcastle mjög sterkt í ensku knattspyrnunni og því þótti mönnum eðlilegt að velja þann búning.

Starfsemi Fótboltafélags Reykjavíkur var ekki öflug fyrsta áratuginn. Formlegt skipulag komst ekki á félagið fyrr en árið 1910 og frá þeim tíma hafa verið færðar fundargerðir um starfsemi félagsins, sem allar eru varðveittar og eru þær ómetanlegar heimildir um starfsemi félagsins.

Á fundi í félaginu 23. mars árið 1911 var tillaga um lög félagsins í 12 greinum borin upp og samþykkt. Upphafsgreinar fyrstu laga Fótboltafélags Reykjavíkur voru svohljóðandi:

„1. grein

Félagið heitir Fótboltafélag Reykjavíkur.

2. grein

Tilgangur félagsins er að iðka og vekja áhuga á knattleik.“

### **Deildir stofnaðar**

Knattspyrnufélag Reykjavík var í upphafi fyrst og fremst stofnað sem knattspyrnufélag. Árið 1923 tók Kristján L. Gestsson við formennsku í KR og við það breyttust áherslur töluvert og segja sumir að með því hefjist eitt mest framfaraskið í sögu félagsins. Kristján var knattspyrnumaður, en stundaði einnig hlaup, hugsanlega til undirbúnings fyrir knattspyrnuíðkun. Vorið 1921 tóku KR-ingar í fyrsta sinn formlega þátt í frjálsíþróttakeppni. Síðar sama ár tóku KR-ingar síðan í fyrsta sinn þátt í Leikmóti Íslands og þar vannst fyrsti Íslandsmeistaratitill KR í frjálsum íþróttum. Kristján lagði fram stefnuskrá um

alhliða íþróttafélag sem hafði á dagskrá sinni allar íþróttagreinar sem hér voru stundaðar. Á árunum 1923 til 1930 var skipulega unnið að virkri þátttöku KR og KR-inga í frjálsum íþróttum, fimleikum, sundi, glímu, tennis og hnefaleikum. Skíðafjallaferðir voru stundaðar og róður æfður. Iðkun handknattleiks innan félagsins hófst á fjórða áratugnum. Jafnvel í golfi létu KR-ingar til sín taka.

Félagið var deildaskipt 1948 og færðist ábyrgð, rekstur og öll stjórn einstakra íþróttagreina frá aðalstjórn yfir á deildarstjórnir. Eftirfarandi deildir voru þá starfandi: knattspyrnu-deild, handknattleiksdeild, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, sunddeild, glímudeild og skíðadeild. Seinna voru aðrar deildir stofnaðar svo sem körfuknattleiksdeild (stofnuð 1956), badmintondeild (stofnuð 1963), borðtennisdeild (stofnuð 1969) og keiludeild (stofnuð 1990). Á þessu tímabili var lyftingadeild félagsins einnig stofnuð og rekin um árabíl, en ákveðið var að leggja niður starfsemi hennar og frjálsíþróttadeildar.

Máltækið segir að mjór sé mikils vísir. Það gæti svo sannarlega átt við þegar saga KR er skoðuð. Félagið var í byrjun strákafélag, stofnað af litlum efnum til að skapa drengjunum aðstöðu til að stunda knattspyrnu. Í áratuganna rás hefur það skapað sér góða aðstöðu, unnið glæsta sigra á nánast öllum sviðum íþróttanna með góðu samstarfi og mikilli samstöðu. Saga félagsins hefur verið samofin sögu íþróttaiðkunar á Íslandi. Hér verður saga félagsins ekki rakin frekar enda aðeins hugsað sem örstutt samantekt um fyrstu ár félagsins og megininnviði þess. Segja má þó um KR að ætíð hafi markið verið sett hátt og félagið verið í fararbroddi á Íslandi bæði félagslega undir dyggri stjórn mjög hæfra manna og íþróttalega þar sem fagleg þjálfun hefur skilað félaginu Íslandsmeistaratitlum í öllum þeim greinum íþróttanna sem félagið stundaði.



## 4. LÖG KNATTSPYRNUFÉLAGS REYKJAVÍKUR

### LÖG KNATTSPYRNUFÉLAGS REYKJAVÍKUR

#### 1. grein

##### Heiti

Félagið heitir Knattspyrnufélag Reykjavíkur, skammstafað KR.

#### 2. grein

##### Markmið

Tilgangur félagsins er að iðka knattspyrnu og aðrar líkamsíþróttir og glæða áhuga almennings á gildi þeirra.

#### 3. grein

##### Merki og búningur

Merki félagsins er stafirnir KR í hvítum lit yfir og utan um brúnan (litastaðall: P-471) knött, á hringlaga svörtum fleti; utan um svarta flötinn skal vera hvítur hringur og yst svartur hringur. Við félagsmerkið er íþróttadeild heimilt að bæta nafni deildarinnar. Slíkt þarf þó að hljóta samþykki aðalstjórnar félagsins.

Búningur félagsins skal að öllu jöfnu vera svartur og hvítur. Hver íþróttadeild skal fá samþykki aðalstjórnar félagsins á búningi sínum.

#### **4. grein**

##### **Félagar**

Félagið er myndað af einstaklingum sem starfa í íþróttadeildum og uppfylla þær skyldur sem því fylgja. Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og er samþykktur af meirihluta stjórnar þeirrar íþróttadeildar, er hann óskar að verða skráður í. Félagar skulu greiða árgjald til viðkomandi íþróttadeildar. Heimilt er að skrá sig í fleiri en eina íþróttadeild, gegn greiðslu árgjalds viðkomandi deilda. Úrsögn úr íþróttadeild skal tilkynnt formlega til viðkomandi deildarstjórnar.

#### **5. grein**

##### **Skipulag félagsins**

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess. Aðalstjórn félagsins er æðsti aðili í málefnum þess milli aðalfunda og mótar starfseminu í aðalatriðum, í samráði við deildarstjórnir. Hver íþróttadeild hefur sjálfstæðan fjárhag og stjórn sem er kosin á aðalfundi deildarinnar. Deildarstjórnir skulu hver á sínu sviði vinna að eflingu íþróttagreinar sinnar.

#### **6. grein**

##### **Aðalfundur félagsins**

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að aðalfundur íþróttadeilda félagsins hafa verið haldnir, en í síðasta lagi 1. maí ár hvert. Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Til aðalfundar skal boðað með auglýsingum í dagblöðum með minnst viku fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa allir lögmaetir félagsmenn, með kjörgengi til stjórnarstarfa, málfrelsi og tillögurétti. Þó skal óheimilt að kjósa formenn deilda í aðalstjórn. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

1. Stjórn félagsins.
2. Fjórir fulltrúar frá stjórn hvernar einstakrar íþróttadeildar.
3. Fulltrúar skipaðir af deildarstjórnnum samkvæmt félagafjölda deildar og hefur hver íþróttadeild rétt til að senda, auk fjögurra fulltrúa stjórnar, einn fulltrúa fyrir hverja 50 starfandi féлага; þó aldrei fleiri en 16 fulltrúa alls.
4. Endurskoðendur félagsins.
5. Fastar nefndir, er aðalstjórn skipar.
6. Þeir KR-ingar, sem eiga sæti í sérráðum og stjórnnum sér-sambanda, íþróttabandalagi og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
7. Heiðursráð KR.

Hafi íþróttadeild ekki haldið löglegan aðalfund, né skilað endurskoðuðum ársreikningi, missa allir fulltrúar viðkomandi deildar atkvæðisrétt á aðalfundi.

Aðalfundur félagsins er lögmaður sé löglega til hans boðað og mættur minnst helmingur atkvæðisbærra féлага. Dagskrá aðalfundar félagsins skal vera sem hér segir:

1. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Aðalstjórn gefur skýrslu um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
4. Aðalstjórn gefur skýrslu um fjárhag félagsins í heild og leggur fram endurskoðaða reikninga aðalstjórnar, hússtjórnar og félagsins í heild, svo og sjóða í vörslu félagsins.
5. Aðalstjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs.
6. Lýst yfir kjöri íþróttamanns KR.
7. Lagabreytingar.
8. Kosin aðalstjórn félagsins:
  - a. Kosinn formaður.
  - b. Kosinn varaformaður.
  - c. Kosinn ritari.

- d. Kosinn gjaldkeri.
  - e. Kosinn formaður hússtjórnar.
  - f. Kosnir 2 meðstjórnendur.
  - g. Kosnir 3 menn í varastjórn.
  - h. Kosnir 2 endurskoðendur.
  - i. Kosnir 2 varaendurskoðendur.
9. Önnur mál, er fram kunna að koma.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála, sbr. þó 18. og 19. grein. Aðalstjórn og varastjórn skulu kosnar skriflega nema aðeins komi fram ein uppástunga til stjórnarstarfa, þá telst sá, sem tilnefndur er, sjálfkjörinn. Meðstjórnendur skal kjósa sameiginlega, sem og varastjórn og endurskoðendur. Séu atkvæði jöfn, skal kosið að nýju bundinni kosningu. Fáist þá eigi úrslit, ræður hlutkesti.

#### 7. grein

### Aukaaðalfundur

Aðalstjórn félagsins skal kalla saman aukaaðalfund, þegar þörf krefur. Skytt er henni að boða til slíks fundar, ef meirihluti deildarstjórna krefst þess skriflega, enda tilkynni þær um leið fundarefni það, er þær óska að rætt verði.

Aukaaðalfundur er lögmætur sé til hans boðað og hann sóttur samkvæmt 6. grein þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar, stofnun nýrra deilda og stjórnarkosning skulu þó ekki fara fram á aukaaðalfundi.

#### 8. grein

### Aðalstjórn

Aðalstjórn félagsins skipa sjö menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, formaður hússtjórnar og tveir meðstjórnendur. Varastjórn skipa þrjú menn. Aðalstjórn og varastjórn skulu kosnar á aðalfundi félagsins, sbr. 6. grein, til eins árs í senn.

#### 9. grein

### Starfssvið aðalstjórnar

Aðalstjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum

eignum félagsins og mótar starfsemi þess milli aðalfunda í aðalatriðum, í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn skipar alla trúnaðarmenn félagsins, sbr. þó 12. grein. Undir aðalstjórn starfar hússtjórn, sbr. 10. grein.

Aðalstjórn félagsins er heimilt að skipa skemmtinefnd, fjáröflunarnefnd og aðrar nefndir, sem hún telur þörf fyrir.

Aðalstjórn getur enga fullnaðarályktun gert, nema með samþykki meirihluta stjórnarmanna.

Skylt skal að halda aðalstjórnarfundi minnst einu sinni í mánuði og skal um þá haldin sérstök gerðabók.

Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka, sparisjóði eða á annan sambærilegan hátt.

Aðalstjórn er heimilt að boða stjórn deildar á sinn fund til viðræðna um málefni deildarinnar.

Aðalstjórn félagsins er heimilt að víkja manni úr félaginu, álíti hún framkomu hans vítaverða. Skylt er aðalstjórn að boða viðkomandi á sinn fund og gefa honum kost á að verja mál sitt.

Mannvirki félagsins eru sameign þess. Kaup og sala fasteigna og ákvörðun um stærri byggingarframkvæmdir eru bundnar samþykki aðalfundar eða aukaaðalfundar.

#### **10. grein**

### **Hússtjórn**

Hússtjórn skal skipuð 5 eða 7 mönnum. Formaður skal kosinn á aðalfundi félagsins og situr hann í aðalstjórn. Aðalstjórn skipar hina fulltrúana, þar af a.m.k. tvo eftir tilnefningum frá fundi formanna deilda félagsins. Hússtjórn skal hafa umsjón með fasteignum og völlum félagsins og sjá um rekstur þeirra og almennar framkvæmdir í umboði aðalstjórnar. Undanskilin eru þó skíðamannvirki KR í Skálafelli, sem eru í umsjá Skíða-deildar.

#### **11. grein**

### **Starfssvið íþróttadeilda**

Í íþróttadeildum félagsins er unnið að eflingu þeirra íþróttagreina, sem þar eru stundaðar. Hver deild hefur stjórn, aðskilinn fjárhag og kennitölu. Deildarstjórnir ráða daglegum rekstri deildanna. Hver íþróttadeild skal halda gerðabók um alla

keppni og annað markvert, sem fram fer innan deildarinnar. Í lok hvers starfsárs skal draga saman það, sem markverðast er og afhenda ritara félagsins, og skal það síðan tekið upp í sameiginlegri skýrslu félagsins.

Hver íþróttadeild skal sjá um sig sjálf fjárhagslega. Hún hefur tekjur af árgjöldum deildarinnar, íþróttakeppnum og öðrum þeim fjáröflunarleiðum er hún tekur sér fyrir hendur, í samráði við aðalstjórn félagsins. Í upphafi hvers starfsárs íþróttadeildar skal deildarstjórn leggja fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið til aðalstjórnar.

Allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar deildar ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deildar. Í því skyni getur aðalstjórn tilnefnt sérstakan trúnaðarmann til slíkra verka, sem getur komið með fyrirhaldi um úrbætur ef þurfa þykir.

Íþróttadeild er óheimilt að veðsetja eignir félagsins nema með skriflegu samþykki aðalstjórnar.

Eignir hverrar íþróttadeildar teljast sameign félagsins og verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar félagsins.

Hætti íþróttadeild störfum renna eignir hennar til aðalstjórnar félagsins. Taki deildin ekki til starfa að nýju innan tveggja ára, ber að sækja um stofnun hennar að nýju sbr. 18. grein.

## 12. grein

### Stjórnir íþróttadeilda

Stjórn hverrar íþróttadeildar skipa 5, 7 eða 9 menn, og skulu þeir kosnir á aðalfundi deildarinnar, sbr. 13. grein, til eins árs í senn. Kosnir skulu 3 menn í varastjórn.

Deildarstjórnir skulu hver á sínu sviði vinna að eflingu sinnar íþróttagreinar. Deildarstjórn ákveður árgjald viðkomandi deildar og skipar fulltrúa í sérgreinaráð. Deildarstjórn skipar fulltrúa deildarinnar á aðalfund félagsins, sbr. 6. grein.

### 13. grein

#### Aðalfundur íþróttadeilda

Fyrir 15. desember hvert ár skal hver íþróttadeild halda aðalfund sinn. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir félagar deildarinnar, 16 ára og eldri, enda hafi þeir greitt lögboðin gjöld. Til aðalfundarins skal boðað með viku fyrirvara í dagblöðum borgarinnar og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað og minnst 15 deildarmenn mæti, eða 50% af löglegum félögum, séu þeir færri en 30.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
2. Deildarstjórnin gefur skýrslu um starfsemi og framkvæmdir deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Deildarstjórnin gefur skýrslu um fjárhag deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Kosin deildarstjórn og þrjú varamenn.
  - a. Kosinn deildarformaður.
  - b. Kosinn varaformaður.
  - c. Kosinn ritari.
  - d. Kosinn gjaldkeri.
  - e. Kosinn meðstjórnandi eða meðstjórnendur.
  - f. Kosnir 3 varamenn.
5. Önnur mál, er fram kunna að koma.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála, þó með þeim undantekningum, sem gerðar eru í lögum þessum. Deildarstjórn skal kosin skriflega, nema aðeins komi fram ein uppástunga til stjórnarstarfa, þá telst sá, sem er tilnefndur, sjálfkjörinn. Meðstjórnendur, þegar fleiri eru en einn, skal kjósa sameiginlega. Séu atkvæði jöfn í stjórnarkjöri, skal kosið að nýju bundinni kosningu. Fáist þá eigi úrslit, ræður hlutkesti.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

#### 14. grein

### Reikningsár og reikningskil

Reikningsár félagsins og ípróttadeilda þess skal miðast við 1. október. Allir reikningar skulu vera komnir til endurskoðenda félagsins, eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

#### 15. grein

### Félagaskrá

Hver ípróttadeild skal halda nákvæma skrá yfir féлага deildarinnar og senda aðalstjórn. Skráin skal endurskoðuð á hverju starfsári. Aðalstjórn skal sjá um heildarskrá yfir alla félagsmenn, samkvæmt skráum deilda.

#### 16. grein

### Formannafundur

Aðalstjórn félagsins skal, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, halda fund með formönnum ípróttadeilda félagsins. Þessir fundir skulu vera vettvangur samráðs og samskipta aðalstjórnar og ípróttadeilda og milli ípróttadeilda. Á fundum þessum hefur hver fundarmaður atkvæðisrétt, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, sbr. þó 17. grein.

#### 17. grein

### Heiðursviðurkenningar

Útnefning sem *heiðursfélagi* er æðsti heiður er félagið veitir. Kosning heiðursfélaga skal fara fram á fundi aðalstjórnar með formönnum ípróttadeilda, sbr. 16. grein, og telst hún lögmæt ef hún hlýtur samþykki 4/5 hluta fundarmanna. Heiðursfélagi hlýtur heiðursfélagaskírteini og heiðurspening KR. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjöldum, en hafa öll réttindi í þeirri ípróttadeild, er þeir hafa starfað í.

Eftirfarandi heiðursmerki skulu veitt, með samþykki aðalstjórnar.

1. *Stjarna KR* fyrir langt og frábært starf í þágu félagsins. Aldrei mega fleiri en 10 félagsmenn vera handhafar stjórnunnar. Veiting hennar skal bundin samróma samþykki aðalstjórnar.

2. *Gullnæla KR með lárvíðarsveig* fyrir frábær störf í þágu félagsins, en þó aldrei fyrr en eftir 25 ára starf eða keppni.
3. *Gullnæla KR* fyrir 15 ára starf eða keppni í þágu félagsins.
4. *Silfurnæla KR* fyrir 10 ára starf eða keppni í þágu félagsins. Aðalstjórn KR skal einnig heimilt að sæma hana erlendum og innlendum aðilum, sem starfað hafa fyrir félagið, þegar ástæða þykir til.

Starfs- og keppnisaldur skal miðaður við 16 ára aldur.

*Heiðursráð KR* skipa fyrrverandi formenn félagsins, heiðursfélagar KR og handhafar stjórn KR. Heiðursráð er aðalstjórn til ráðuneytis og skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári. Aðalstjórn setur nánari reglur um heiðursráðið.

*Íþróttamaður KR*. Eftir að hafa fengið tilnefningar frá deildarstjórnnum félagsins velur aðalstjórn íþróttamann KR ár hvert úr hópi þeirra íþróttamanna félagsins, sem skarað hafa fram úr á árinu. Íþróttamaður KR hlýtur glæsilegan farandbikar í eitt ár, auk eignargrips.

#### 18. grein

### Stofnun nýrrar íþróttadeildar

Aðalstjórn félagsins skal sjá um stofnun nýrrar íþróttadeildar. Skal aðalstjórn leggja rökstudda beiðni um það fyrir aðalfund. Heimili aðalfundur stofnun nýrrar deildar með samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal aðalstjórn sjá um að boða til stofnfundar, sem skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda, sbr. 13 grein.

#### 19. grein

### Lagabreytingar

Lögum þessum má ekki breyta, nema á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til lagabreytinga og stofnun nýrra deilda skulu tilkynntar með aðalfundarboði, og skulu þær liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins eigi skemur en 7 dögum fyrir aðalfund.

**20. grein**

**Gildistaka**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi KR 6. maí 1993.



## 5. STEFNA OG MARKMIÐ

Starfsemi Knattspyrnufélags Reykjavíkur byggir á lögum félagsins þar sem meginhlutverk þess er að vinna að eflingu íþróttastarfs í Reykjavík, glæða áhuga almennings á gildi íþróttar og virkja sem flesta til þátttöku í íþróttum og almennu félagsstarfi.

Það er stefna Knattspyrnufélags Reykjavíkur að samvinna og samheldni ríki meðal stjórnenda deilda og félagsmanna auk þess sem þeir kappkosti að vinna að framgangi íþróttar og almennra félagsmála. Stjórnarmenn og þjálfarar eru hvattir til að stuðla að virkri og árangursríkri samvinnu. Hér er um margþætta samvinnu að ræða sem nær ekki aðeins til þeirra sem annast stjórnslu hjá félaginu, heldur einnig til iðkenda og starfsmanna. Þá skal einnig stuðla að góðri samvinnu við aðila utan félagsins eins og foreldra, Íþróttabandalag Reykjavíkur, önnur íþróttafélög, skóla, Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.

Stefnt er að því að deildir félagsins eigi með sér samstarf auk þess sem stjórnendur deilda eru hvattir til aukinnar samvinnu við stjórnendur grunnskóla og börn og unglinga. Þannig má skapa tækifæri til íþróttaiðkunar á breiðum grunni. Fjölhæf

kunnáttu og leikni barna í mörgum íþróttagreinum og félagsmálum á unga aldri skilar sér jafnt í öflugum keppnis- og afreksmönnum framtíðar sem góðum félagsmönnum og stjórnendum. Það er stefna félagsins að þróa áfram hugmyndir að íþróttaskóla fyrir börn frá þriggja ára aldri. Sjá nánari umfjöllun um íþróttaskóla í þessari námskrá.

Hér á eftir verður farið yfir helstu stefnur og markmið Knattspyrnufélags Reykjavíkur og sett fram nýtt skipurit sem félagið vinnur eftir.

## 5.1 Stefnumið í ýmsum málaflokkum

Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að stuðla að iðkun íþróttu fyrir almenning sem og keppnis- og afreksfólk. Þá er það einnig hlutverk Knattspyrnufélags Reykjavíkur að fylgjast með því að starfsemi deilda fari fram samkvæmt gildandi lögum. Það er einnig á stefnuskrá félagsins að koma að rekstri íþróttaskóla í samvinnu við ÍBR og grunnskóla. Þá er það á stefnuskrá að bjóða upp á íþróttir, útivist og líkams- og heilsurækt fyrir alla fjölskylduna. Í félaginu skal leggja ríka áherslu á góðan félagsanda, hlýlegt umhverfi og gott viðmót innan sem utan vallar. Knattspyrnufélag Reykjavíkur stefnir að því að skapa iðkendum íþróttu góðar aðstæður til íþróttaiðkunar og keppni. Þá er lögð áhersla á að koma upp æfingaaðstöðu og markvissri kennslu fyrir alla aldurshópa í fögru og góðu umhverfi félagsins. Í þjálfun og kennslu er leitast við að taka tillit til getu, þroska og aldurs iðkenda og finna þeim verkefni við hæfi hverju sinni. Þjálfarar og stjórnarmenn hjá félaginu eru hvattir til að tileinka sér og starfa eftir þessari stefnu og þeim markmiðum sem fram koma í íþróttanámskránni.

Hér á eftir er að finna stefnur í helstu málaflokkum Knattspyrnufélags Reykjavíkur.

### Félagsstarf

Að stjórnendum félagsins stuðli að

- samstarfi deilda af ýmsum toga
- góðri félagsaðstöðu fyrir félagsmenn og deildir þess
- markvissri eflingu félagsanda
- aukinni samvinnu félagsmanna
- Vesturbæingar finni verkefni hjá KR við sitt hæfi
- samvinnu og samskiptum við önnur íþróttafélög

## **Þjálfaramenntun**

Að þjálfarar sem starfa innan félagsins

- hafi náð **18 ára** aldri
- hafi fagþekkingu á sviði þjálfunar og kennslu, s.s.
  - íþróttakennaramenntun
  - íþróttافرæðimenntun
  - sjúkrapþjálfaramenntun
  - kennaramenntun
- hafi lokið viðurkenndu námskeiði á vegum ÍSÍ og sér-sambanda þess eða lokið sambærilegu námi erlendis
- sækji símenntun meðan þeir starfa við þjálfun

## **Skipulag félags og deilda**

Að stjórnendur félagsins stuðli að

- því að stjórnendur deilda vinni eftir skráðu skipuriti
- öflugum samstarfi milli deilda eða hópa
- stjórnendur og þjálfarar deilda fylgi eftir skrásettum stefnum og markmiðum
- hver deild vinni að markmiðasetningu í ýmsum mála-flokkum fyrir einstaka hópa
- hver deild setji fram framkvæmdaáætlun til að ná settum markmiðum

## **Foreldrasamstarf**

Að stjórnendur félags og deilda

- komi á einföldum reglum sem kveða á um starf og hlutverk foreldra hjá íþróttafélagi
- efli á markvissan hátt samstarf félags og deilda við foreldra
- upplýsi foreldra um helstu markmið félags og deilda
- vinni að því að fá fleiri foreldra til starfa að félags-málum

## **Fræðsla og forvarnir**

Að stjórnendur og þjálfarar

- byggi starfsemi KR á mannrækt og heilbrigðum lífsstíl
- vinni eftir stefnu í forvörnum
- vinni markvisst að fræðslu um gildi íþróttar
- leiti til fagfólks um aðstoð á sviði forvarna og ýmissa fræðslumála

## **Jafnrétti**

Að stjórnendur félags og deilda stuðli að

- jafnrétti með einstaklingum innan félagsins
- greiðum aðgangi beggja kynja að þeim íþróttum sem hjá félaginu eru stundaðar
- kynningum á ýmsum greinum íþróttá í íþróttaskóla/frístundaskóla
- öllum börnum og unglingum sé skapaður möguleiki til iðkunar íþróttá án tillits til fjárhagslegrar stöðu heimila, búsetu, litarháttar, trúarbragða o.s.frv.

## **Mannvirki og umhverfismál**

Að stjórnendur félags og deilda stuðli að

- því að mannvirki sem byggð eru fullnægi þörfum þeirra íþróttagreina sem hjá félaginu eru stundaðar
- góðri umgengni innan- og utanhúss
- bættari aðstöðu fyrir deildir félaga
- umhverfismál séu í takt við stefnu stjórnvalda hverju sinni
- verndun umhverfis og náttúru og að slíkt sé hluti af íþróttalegu uppeldi

## **Fjármál og rekstur**

Að stjórnendur félags og deilda stuðli að

- ábyrgri fjármálastjórn félags og deilda
- nákvæmri fjárhagsáætlanagerð fyrir félag, deildir og einstaka hópa
- markvissu eftirliti með áætlanagerð félags og deilda og að endurskoðun sé virk og fari reglulega fram
- fjármál félags og deilda séu aðgengileg
- bókhald sé fært samkvæmt reglum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands
- ekki sé eytt um efni fram

## **Að auki**

- allar meiri háttar fjárhagslegar skuldbindingar deilda þarf að leggja fyrir aðalstjórn og eru háðar samþykki hennar
- aðalstjórn hefur heimild til að skoða bókhald deilda og skipa sérstakan trúnaðarmann ef þurfa þykir

## 5.2 Markmiðasetning

### Meginmarkmið Knattspyrnufélags Reykjavíkur

Meginmarkmið Knattspyrnufélags Reykjavíkur er að sjá til þess að félaginu séu skapaðar aðstæður þannig að hver einstaklingur geti eftt þroska sinn og fengið tækifæri til iðkunar þeirra íþrótta sem hjá félaginu eru stundaðar. Hér er bæði átt við þá sem hafa það að markmiði að ná árangri í keppni og þá sem vilja stunda almenningsíþróttir sér til ánægju og heilsu-bótar. Hér á eftir er að finna helstu markmið sem snúa að þátt-töku:

- barna
- unglunga
- keppnis- og afreksfólks
- trimmara
- ýmissa hópa

### Meginmarkmið með þátttöku barna og unglunga

- að efla á markvissan hátt ýmsa þroskaþætti barna, s.s.
- félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska
- líkamsþroska
- skyn- og hreyfiþroska
- vitsmunaprofka
- að skipuleggja íþróttastarfið við allra hæfi og á forsendum barna
- að taka þátt í mótun íþrótta-/fristundaskóla félagsins í samvinnu við grunnskóla
- að skipuleggja íþróttastarfið á þann hátt að börnin kynnist sem flestum greinum íþrótta
- að skipuleggja íþróttaskóla fyrir börn frá þriggja ára aldri
- að skipuleggja íþróttastarfið með sérstaka kynningu á þeim greinum sem stundaðar eru hjá félaginu
- að til staðar sé fagþekking og þjálfarar til að stjórna og þjálfna þennan aldursþóp

## **Auk þess er markmið félags og deilda að**

- gefa árlega út æfinga- og keppnisáætlun fyrir alla aldurshópa
- setja fram markmið og áherslur í þjálfun allra aldurs- hópa
- hvetja stúlkur jafnt sem pílta til þátttöku í íþróttum
- stuðla að jafnrétti í þjálfun
- stuðla að vímuvarnarstefnu félags
- kynna árlega starfsemi félags og deilda fyrir íbúum og skólum í sveitarfélaginu

Markmið Knattspyrnufélags Reykjavíkur er ennfremur að móta fjölbæfa íþrótta- og félagsmenn, hvort heldur þeir kjósa að iðka íþróttir sem tómstundargaman, til að ná árangri í keppni eða til að sinna almennum félagsstörfum. Knattspyrnufélag Reykjavíkur stefnir að því að til stjórnunarstarfa veljist hæfir leiðtogar, stjórnarmenn og þjálfarar. Stefnt skal að skýrum þjálfunarmarkmiðum allra flokka í öllum deildum. Þá skal félagið fylgja stefnumótun Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur um þjálfun íþrótta fyrir börn og unglinga.

## **Meginmarkmið með þátttöku unglinga**

- að íþróttastarfið sé skipulagt á forsendum unglinga
- að sem minnst brottfall unglinga verði úr KR og íþrótta- og félagsstarfið skipulagt með tilliti til slíkra þátta
- að þroskaþættir unglinga, s.s. félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroski, líkamsþroski og vitsmunapróska séu eflidir á markvissan hátt,
- að íþróttastarfið sé skipulagt á þann hátt að iðkendur nái frekari tókum á þeim greinum sem stundaðar eru hjá félaginu
- að unglingum sé gefinn kostur á að stunda íþróttir þar sem;
  - árangursmiðaðar keppnis- og afreksíþróttir eru stundaðar
  - áhersla er lögð á íþróttir án tillits til árangurs í keppni
- að samfara íþróttaiðkun sé unnið með aga, stundvísi og reglusemi

### **Meginmarkmið með keppnis- og afreksíþróttum**

- að þjálfun keppnis- og afreksfólks sé skipulögð af fagþekkingu
- að íþróttastarfið sé skipulagt á forsendum þeirra sem vilja ná árangri í keppni með;
  - markvissri eflingu félagslegra þátta
  - skipulagi þjálfunar og bættu heilsu að leiðarljósi
  - aukinni fræðslu og þekkingu iðkenda á líkama og heilsu
  - bættri aðstöðu í viðkomandi íþróttagreinum
- að keppnis- og afreksfólki sé gefinn kostur á að stunda íþróttir þar sem;
  - árangursmiðaðar keppnisíþróttir fyrir fullorðna eru stundaðar
  - vöð er á góðri þjálfun og þjálfunaraðstöðu
- að keppnis- og afreksfólk fái góða aðhlyningu hjá ýmsum faghópum, s.s. læknum, sjúkráþjálfurum og næringarfræðingum
- að ný afrek og afreksfólk á hverjum tíma verði sýnilegra innan KR

Auk þess er markmið félags og deilda að

- gefa árlega út æfinga- og keppnisáætlun fyrir hvern aldurshóp
- stuðla að raunhæfri markmiðasetningu fyrir hvern aldurshóp
- hvetja stúlkur jafnt sem pílta til þátttöku í afreks- og keppnisíþróttum
- sjá keppnis- og afreksfólki fyrir góðri æfinga- og keppnisaðstöðu
- styðja við einstaka afreksmenn eins og kostur er
- kynna stefnu í afreksíþróttum
- stuðla að keppnis- og afreksíþróttamenn séu góðar fyrirmyndir

Markmið Knattspyrnufélags Reykjavíkur og deilda í keppnis- og afreksíþróttum er að eiga ávallt breiðan hóp afreksmanna í fremstu röð þeirra íþróttagreina sem eru stundaðar hjá félaginu. Stjórnir deilda stefna að því að sjá iðkendum

sem áhuga hafa á að ná langt á sviði afreka og keppni í íþróttagreini sinni fyrir góðri þjálfun.

Lögð er rík áhersla á góða og vel menntaða þjálfara og skýra æfinga- og keppnisáætlun. Stjórn Knattspyrnufélags Reykjavíkur stefnir að því að veita afreksfólki félaga stuðning eftir bestu getu hverju sinni. Félagslegur stuðningur er mikilvægur til að markmið afreksstefnunnar nái fram að ganga.

### **Meginmarkmið með þátttöku fullorðinna (trimmara)**

Að stjórnarmenn og þjálfarar félagsins stuðli að

- skipulagi íþróttastarfs á forsendum fullorðinna
- eflingu félagslegra þátta þessa aldurshóps
- þjálfun þar sem bætt heilsa er höfð að leiðarljósi
- aukinni fræðslu og þekkingu iðkenda á líkama og heilsu
- góðri þjónustu við þá sem stunda almenningsíþróttir
- því að iðkendum sé sköpuð aðstaða við hæfi
- vel menntuðum kennurum og þjálfurum fyrir fullorðna
- því að tekið sé vel á móti nýjum iðkendum
- því að fullorðnum sé gefinn kostur á að stunda íþróttir þar sem;
  - árangursmiðaðar keppnisíþróttir eru stundaðar
  - áhersla er lögð á íþróttir án tillits til árangurs í keppni eða afrekstengdrar niðurstöðu

Framtíðarstefna Knattspyrnufélags Reykjavíkur í almenningsíþróttum er að búa vel að almennum íþróttaiðkendum, s.s. með góðri aðstöðu innan- og utanhúss. Þá er það stefna félagsins að koma á stefnumótun varðandi nýtingu næsta nágrennis til útivistar, íþróttar og líkams- og heilsuræktar.

### **Meginmarkmið með þátttöku annarra hópa**

Að stjórnarmenn og þjálfarar stuðli að

- skipulagi íþróttar- og félagsstarfs fyrir ýmsa aðra hópa en hér hafa verið nefndir, s.s. fyrir
  - fólk sem ekki hefur tekið þátt í íþróttum
  - fólk sem ekki hefur tekið þátt í íþróttum áður fyrir félagið
  - fólk sem ekki er úr hópi foreldra

- markvissri uppbyggingu á félagslegum þáttum
- skipulagi í þjálfun þar sem bætt heilsa er höfð að leiðarljósi
- greiðum aðgangi þessa hóps að keppni og leikjum
- fjölbreyttri þátttöku þessa hóps í starfi íþróttafélaga



## 6. SKIPUN STJÓRNAR OG HLOTVERK STJÓRNENDA

Starfsemi Knattspyrnufélags Reykjavíkur byggist að meginhluta til á sjálfboðaliðsstarfi sem er undirstaða félagsins og grundvöllur fyrir því að hægt er að halda úti þróttmiklu íþróttastarfi til hagsbóta fyrir almenning og æsku borgarinnar.

Til að framfylgja stefnumótun og markmiðum félagsins og tryggja að góður árangur náist í íþróttastarfi er nauðsynlegt að stjórnun og rekstur sé í föstum skorðum og að góð samvinna sé milli allra þeirra aðila sem að starfinu koma. Í þessum kafla verður vikið að skipun og hlutverki stjórna og stjórnenda í íþróttastarfi.

### **Aðalfundur**

Samkvæmt lögum félagsins skal á árlegum aðalfundi félagsins kjósa 7 manna aðalstjórn: Formann, varaformann, ritara, gjaldkera, formann hússtjórnar og tvo meðstjórnendur. Þá eru kosnir þrír menn í varastjórn, tveir endurskoðendur og tveir varaendurskoðendur.

Aðalstjórn fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Henni ber að efla félagið og gæta hagsmuna þess út á við sem

heildar. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn félagsins er skylt að hafa eftirlit með fjárreiðum deilda og er heimilt að krefja stjórnir deilda um rekstraryfirlit og greiðslustöðu þegar ástæða þykir til. Aðalstjórn skal boða á fund sinn formenn hinna einstöku deilda sem gefa þá skýrslur um starfsemiina. Aðalstjórn skal færa fundargerðir í sérstaka bók og halda skrá yfir alla meðlimi félagsins.

Stjórnir íþróttadeilda gegna svipuðu hlutverki innan deilda og aðalstjórn félagsins. Þær heyra undir aðalstjórn, hafa yfirumsjón með skipulagi og þjálfun í sinni deild og bera ábyrgð á rekstri og stjórnun hennar innan þess ramma sem aðalstjórn setur og lög Knattspyrnufélags Reykjavíkur kveða á um.

Þekking á stjórnunarstörfum, reynsla og forystuhæfileikar þeirra sem um stjórnartauminn halda hverju sinni geta ráðið úrslitum um árangur af starfsemi félagsins. Á herðum aðalstjórnarmanna félags og deilda hvílir sú skylda að þeir stuðli að þróun íþrótt- og félagsstarfs og sjái um að stefna Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur á hverjum tíma komist greiðlega til skila. Hér á eftir er stiklað á stóru um meginhlutverk stjórnar og helstu hlutverk stjórnarmanna í íþróttafélaginu og deildum þess.

## 6.1 Meginhlutverk stjórnar

Meginhlutverk stjórnar félags eða deildar er að stýra starfsemiinni í samræmi við vilja félagsmanna eins og fram kemur í lögum félagsins, fundarsamþykktum, samþykkttri stefnu og markmiðum. Þá skal leitast við að byggja upp og viðhalda heilbrigðum félagsanda í þeim íþróttageinum sem eru stundaðar hjá félaginu. Af einstökum verkefnum stjórnar má m.a. nefna:

- að setja fram áætlanagerð fyrir almenna starfsemi og framkvæmdir til lengri og skemmri tíma
- að móta hugmyndir og tillögur um ný viðfangsefni
- að leysa vandamál sem upp kunna að koma
- að framfylgja samþykktum og ályktunum
- að fylgjast með að áætlanir og fjárhagur haldist í hendur

- að taka á móti erindum sem berast og afgreiða þau
- að undirbúa fundi og boða til þeirra
- að skipta verkum með einstökum stjórnarmönnum, nefndum og félagsmönnum og samræma störf þeirra

## 6.2 Formaður

Ábyrgðarmesta hlutverk stjórnarmanns er í höndum formanns félagsins og formanna deilda. Það er mjög mikilvægt að formaður hafi stjórnunarhæfileika og sinni starfi sínu af áhuga. Nauðsynlegt er fyrir formann félagsins að hafa staðgóða þekkingu á málefnum er varða þær íþróttagreinar sem eru stundaðar hjá félaginu. Hið sama gildir um formenn einstakra deilda. Hann þarf einnig að hafa gott lag á því að skipta verkum með stjórnarmönnum þannig að allir hafi ákveðnum verkefnum að sinna. Þá þarf hann einnig að hafa yfirsýn yfir að verk séu unnin rétt og vel og tímamörk séu haldin.

Gagnkvæmt traust formanns og annarra stjórnarmanna er helsta forsenda þess að stjórnunarstarf beri árangur. Framkoma formanns og annarra stjórnarmanna, jafnt innan vallar sem utan, á að vera öðrum félagsmönnum fyrirmynd. Helstu verksvið formanns eru:

- að koma fram fyrir hönd félags eða deildar og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum
- að undirbúa stjórnarfundi, sjá til þess að til þeirra sé boðað samkvæmt lögum félagsins og stjórna þeim samkvæmt framlagðri dagskrá hverju sinni
- að sjá til þess að félagsmenn séu alltaf vel upplýstir um tilgang og markmið félags og deilda
- að sjá til þess að lögum félagsins og samþykktum félagsfunda og aðalfunda sé framfylgt
- að sjá til þess að öll erindi sem félaginu eða deildum berast séu afgreidd svo fljótt sem auðið er
- að sjá til þess að starfsemi félags og deilda sé vel skipulögð og fari vel fram á öllum sviðum
- að sjá til þess að sem flestir félagsmenn séu virkjaðir til starfa í félaginu og deildum þess
- að félagsmönnum sé gefinn kostur á því að meta reglulega hvernig félagsstarfið gengur og hvort breyta þurfi um leiðir til að ná settum markmiðum
- að hafa umsjón með samningum sem félagið gerir
- að boða til funda í samvinnu við ritara

### 6.3 Varaformaður

Í forföllum formanns tekur varaformaður við störfum hans. Hann þarf því að vera vel að sér í málefnum félagsins eða viðkomandi deildar til þess að geta tekið við forystuhlutverki með stuttum fyrirvara. Nauðsynlegt er að varaformaður taki að sér umsjón með ákveðnum þáttum félagsstarfsins og sé þannig tengiliður milli stjórnar, ýmissa nefnda og starfshópa.

### 6.4 Ritari

Ritari gegnir veigamiklu hlutverki í stjórn félags eða deilda. Miklu máli skiptir að hann vinni af alúð og haldi af nákvæmni saman öllum gögnum sem félagi eða deild berast, s.s. að skrá fundargerðir og skýrslur. Nauðsynlegt er að ritari taki að sér umsjón með ákveðnum þáttum félagsstarfsins og sé þannig tengiliður milli stjórnar og ýmissa starfshópa. Meðal helstu verkefna ritara má nefna:

- að skrá fundargerðir á stjórnarfundum og félagsfundum þegar ekki eru kjörnir sérstakir fundarritarar
- að sjá um bréfaskriftir í samráði við formann, aðra stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra
- að undirbúa ársskýrslu og e.t.v. fleiri skýrslur um starfsemina í samvinnu við formann og framkvæmdastjóra
- að byggja upp gagna- og heimildasafn félags eða deildar
- að sjá til þess að bréf og skjöl séu í góðri vörslu

### 6.5 Gjaldkeri

Meginhlutverk gjaldkera er að hafa umsjón með fjárreiðum og annast reikningshald félagsins í samræmi við lög og reglur íþróttahreyfingar. Nauðsynlegt er að gjaldkeri sé vel að sér í bókfærslu auk þess sem hann þarf að hafa góða yfirsýn yfir efnahag félagsins eða deildar. Meðal helstu verkefna gjaldkera eru:

- að hafa umsjón með innheimtu félagsgjalda
- að sjá til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd
- að sjá til þess að skuldir séu innheimtar
- að ávaxta lausafé og varasjóð
- að semja ársreikninga

- að hafa umsjón með fjáröflunum
- að annast gerð fjárhagsáætlunar
- að hafa umsjón með færslu bókhalds og reikningshaldi félagsins

## 6.6 Spjaldskrárritari

Meginhlutverk spjaldskrárritara er að sjá til þess að spjaldskrá félagsins sé í lagi. Hver deild skal halda nákvæma spjaldskrá yfir alla félagadeildarinnar. Spjaldskrár deilda skulu færðar reglulega yfir í aðalspjaldskrá félagsins sem aðalstjórn heldur.

## 6.7 Meðstjórnendur

Eitt af lykilatriðum fyrir farsælt starf stjórnar er að verkefnum sé skipt sem jafnast milli allra stjórnarmanna. Á þann hátt bera allir stjórnarmenn sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru og framkvæmdar. Hér reynir því á hæfileika formanns að deila verkefnum jafnt niður á alla stjórnarmenn svo þeir finni til ábyrgðar og séu virkir þátttakendur í stjórnarstarfinu. Verði stofnað til starfsnefnda innan félagsins fellur það sérstaklega í verkahring meðstjórnenda.




## 7. STJÓRNUN OG SKIPURIT

Til að ná megi þeim markmiðum sem stjórn félagsins hefur sett sér er nauðsynlegt að koma á öflugu og markvissu stjórnsýslu-kerfi. Það skipurit sem unnið verður eftir hjá félaginu skiptist í fjögur fagsvið, sjá nánar skipurit hér að neðan. Þessi fagsvið eru:

- *Fjármálasvið*
- *Fræðslusvið*
- *Þjálfarasvið*
- *Þjónustusvið*

Fagsvið þessi mynda helstu stoðir í starfsemi félagsins og hverrar deildar. Í hverju fagsviði er mynduð starfsnefnd þar sem aðalstjórnarmaður Knattspyrnufélags Reykjavíkur fer með forystuhlutverk. Þeim til aðstoðar er einn aðili frá hverri deild sem eru í forsvari fyrir viðkomandi sviði innan sinnar deildar. Þar að auki getur formaður starfsnefndar óskað eftir því að öðrum félagsmönnum sé gefinn kostur á að taka þátt í störfum fagsviða.



Skipurit Knattspyrnufélags Reykjavíkur

## 7.1 Fjármálasvið

Stjórnun fjármálasviðs er í höndum gjaldkera aðalstjórnar Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Hann hefur umsjón með fjáreiðum og annast reikningshald þess og sér til þess að bókhald sé fært samkvæmt lögum og reglum. Frágangur ársuppgjörs, samskipti við banka og styrktaraðila, umsjón með innheimtu félagsgjalda og fjáraflana auk annarra gjalda.

### Fjármálanefnd

Fjármálanefnd er skipuð gjaldkerum deilda og gjaldkera aðalstjórnar sem er formaður nefndarinnar. Helstu hlutverk fjármálanefndar eru eftirfarandi:

- að hafa eftirlit með rekstri félagsins og deilda og aðstoða deildir ef með þarf
- að meta reglulega fjárhagsstöðu
- að fylgjast með að reikningshald sé í lagi
- að fylgjast með langtíma- og skammtímaskuldum

- að hafa yfirumsjón með lausa- og fastafé
- að hafa yfirumsjón með tekjuöflun á vegum félagsins
- að gera samanburð á áætlunum og rauntölum
- að leggja fram tillögur til hagræðingar og sparnaðar
- að leita eftir leiðum til að efla fjárhag og styrkja rekstur og markaðshlutdeild á ýmsa vegu

## 7.2 Fræðsluvið

Hlutverk kjörins stjórnarmanns fyrir *fræðsluvið* er að sjá um útgáfumál og ritstýra þeim, hafa umsjón með félagslegum þáttum, s.s. hátíðum, ráðstefnum og fjölmennum samkomum. Einnig að skapa og þróa stefnumótun fyrir stafsemi félagsins og sjá um að koma því á framfæri til deilda, íbúa borgarinnar og ýmissa aðila.

### Fræðslunefnd

Fræðslunefnd er skipuð fulltrúum viðkomandi deilda undir forystu aðalstjórnarfulltrúa Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Helstu verkefni eru sameiginleg útgáfumál. Nefndin hefur umsjón með félagslegum þáttum sem upp kunna að koma hjá félaginu í heild, s.s. afmælishátíðum, ráðstefnum og fjölmennum samkomum eða mótum sem félagið stendur fyrir. Vinna skal að stefnumarkandi málum og sjá um að koma þeim á framfæri. Einnig hefur fræðslunefnd umsjón með endurskoðun á íþróttanámskrá félagsins. Helstu hlutverk fræðslunefndar eru:

- að sjá um öll útgáfumál og ritstýra þeim
- að vera deildum innan handar í markvissri uppbyggingu íþróttar og almenns félagsstarfs
- að leita nýrra leiða til að efla félagslíf og auka þátttöku í almennu félagsstarfi
- að skipuleggja og stjórna námskeiðum á sviði stjórnunar, þjálfunar og kennslu
- að stuðla að aukinni menntun fyrir leiðtoga, þjálfara og dómara
- að stuðla að fræðslu- og kynningarfundum fyrir foreldra og íbúa í hverfinu
- að stuðla að fræðslufundum fyrir iðkendur
- að stuðla að fræðslu um almenningsíþróttir, líkams- og heilsurækt

- að sjá um samstarf við skóla og aðra aðila varðandi fræðslu- og kynningarmál
- að vera tengiliður við aðila og nefndir sem sjá um fræðslumál hjá íþróttahreyfingunni
- að sjá um endurskoðun á íþróttanámskrá félagsins
- að markaðssetja félagið gagnvart opinberum aðilum
- að sjá um stórafmæli og sérstakar uppákomur
- að sjá um að skrásetja sögu félagsins
- að sjá um að saga félagsins sé öllum aðgengileg á fjölbreyttan hátt

### 7.3 Þjálfunarsvið

Hlutverk kjörins stjórnarmanns fyrir *þjálfunarsvið* er að sjá um ýmis skipulagsmál milli félags og deilda. Þau helstu eru:

- **Börn og unglingar**
- **Meistaraflokkar**
- **Almenningsíþróttir**
- **Íþróttaskóli**

#### 7.3.1 Börn og unglingar

Hlutverk kjörins stjórnarmanns í deildum sem fer fyrir mála-flokknum *börn og unglingar* er umsjón með rekstri barna- og unglingaflokka. Sérstakt barna- og unglingaráð er kosið ef með þarf og einnig foreldraráð til fulltingis. Sjá nánar kafla í þessari námskrá um samvinnu heimila og íþróttafélaga.

#### **Barna- og unglinganefnd**

Barna- og unglinganefnd er skipuð viðkomandi fulltrúum deilda undir forystu fulltrúa aðalstjórnar. Helsta hlutverk er að taka á sameiginlegum málum þessa aldurshóps og huga sérstaklega að því að fylgja eftir stefnumótun félagsins og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hvað varðar þjálfun barna og unglinga og keppni og þjálfaramenntun. Auk þess að standa fyrir fræðslufundum í samvinnu við fræðslunefnd um málefni sem snerta þjálfun barna og unglinga. Það er á stefnuskrá félagsins að íþróttafulltrúi eða starfsmaður deilda sinni þessum mála-flokki fyrir félagið og verði deildum innan handar varðandi ýmis atriði, s.s. faglega uppbyggingu þjálfunar, skipulag þjálfunar og þjálfarasamninga. Helstu hlutverk barna og unglinganefndar eru:

- að sjá um skipulagningu og undirbúningu fyrir hvert æfinga- og keppnistímabil
- að hafa umsjón með ráðningu þjálfara
- að raða niður í æfingatíma í samvinnu við þjónustunefnd
- að sjá um útgáfu æfinga- og keppnisáætlunar í samvinnu við þjónustunefnd
- að taka fyrir mál vegna brota á samþykktum reglum
- að sjá um fjáröflun fyrir sérstök verkefni, s.s. æfinga- og keppnisferðir
- að standa að keppni og útvega verðlaun fyrir keppni
- að sjá um að kappleikir og mót á vegum félagsins fari fram samkvæmt gildandi lögum og reglum.

**Helstu verkefni hvað mót og keppni varðar eru;**

- að sjá til þess að raða niður mótum á hverju ári í samráði við aðstöðunefnd
- að sjá um stjórnun og framkvæmd móta
- að skipa starfsmenn í mót
- að fá aðstoðarfólk til starfa
- að sjá til þess að umgjörð móta sé hvetjandi og skemmtileg
- að verðlauna sérstaklega þá aðila sem sýna framúrskarandi árangur við æfingar og keppni í lok hvers tímabils

### **7.3.2 Meistaraflokkur**

Hlutverk kjörins stjórnarmanns í deildum fyrir málaflokknum *meistaraflokkur* er umsjón með rekstri meistaraflokka og keppnis- og afreksflokka félagsins. Sérstakt meistaraflokksráð er kosid í deildum.

#### **Meistaraflokksnefnd**

Meistaraflokksnefnd er skipuð fulltrúum viðkomandi deilda og starfar undir forystu fulltrúa aðalstjórnar. Hún hefur það hlutverk að taka á sameiginlegum málum sem varða starfsemi þessa sviðs ef með þarf. Helstu hlutverk meistaraflokksnefndar eru:

- skipulagning og undirbúningur fyrir hvert æfinga- og keppnistímabil
- ráðning þjálfara

- niðurröðun æfingatíma í samráði við þjónustunefnd
- umsjón með útgáfu æfinga- og keppnisáætlunar
- að taka fyrir mál vegna brota á samþykktum reglum
- umsjón með fjáröflun fyrir sérstök verkefni, s.s. æfinga- og keppnisferðir
- að standa að keppni og útvega verðlaun
- að sjá um að kappleikir og mót á vegum félagsins fari fram samkvæmt gildandi lögum og reglum.

#### **Helstu hlutverk hvað mót og keppni varðar eru;**

- að sjá til þess að raða niður mótum á hverju ári í samráði við þjónustunefnd
- að sjá um stjórnun og framkvæmd móta
- að skipa starfsmenn í mót
- að fá aðstoðarfólk til starfa
- að sjá til þess að umgjörð móta sé hvetjandi og skemmtileg
- að sjá um verðlaun

Einnig skal hugað að mögulegri samþættingu starfskrafta sem sjá um keppnis- og afreksmenn, þannig að fyrir þá sé skapaður ákjósanlegur vettvangur til að ná hámarksárangri í íþróttagreinum sem stundaðar eru hjá félaginu.

### **7.3.3 Almenningsíþróttir og íþróttaskóli**

Almenningsíþrótt- og íþróttaskólanefnd er skipuð fulltrúum viðkomandi deilda undir forystu fulltrúa aðalstjórnar. Innan þessa verkefnis er tekið á sameiginlegum atriðum félagsins í þessum málaflokkum auk þess að skipuleggja, endurskoða og framfylgja stefnu félagsins um almenningsíþróttir. Stefnt er að því að bjóða upp á þjónustu á sviði íþróttá, útivistar og líkams- og heilsuræktar fyrir alla aldurshópa, sér í lagi fjölskyldur, eldri borgara og þá sem ekki sækjast eftir mikilli keppni eða miklum afrekum. Einnig á nefndin að hafa yfirumsjón með stefnumótun, skipulagi og framkvæmd íþróttaskóla félagsins,

sjá nánar kafla um íþróttaskóla. Nauðsynlegt er að hafa gott samstarf innan félagsins, við ÍBR, ÍTR og grunnskólana í hverfinu, skólastjóra, kennara og foreldra.

## 7.4 Þjónustusvið

Hlutverk kjörins stjórnarmanns fyrir *þjónustusvið* er að sjá félagsmönnum fyrir æfinga- og keppnisaðstöðu, hvort heldur er á íþróttasvæði félagsins og í íþróttahúsum í hverfinu eða annars staðar ef þörf krefur. Einnig að sjá um úthlutun og niðurröðun æfingátíma og umsóknir og eftirlit með skráningu keppnistíma.

### Þjónustunefnd

Þjónustunefnd er skipuð fulltrúum viðkomandi deilda undir forystu fulltrúa aðalstjórnar. Helstu hlutverk nefndarinnar eru:

- að sjá félagsmönnum fyrir æfinga- og keppnisaðstöðu
- að sjá um samræmingu á úthlutun og niðurröðun æfingátíma
- að sjá um samræmingu á umsóknum og eftirlit með skráningu keppnistíma
- að hafa eftirlit með umhirðu félagsheimilis og íþróttasvæðis og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara
- að hafa yfirumsjón með stjórnun, markaðssetningu og notkun valla og húsa
- að sjá um að umgengisreglur séu til staðar
- að sjá um að umgengni og eftirlit sé eins og best getur orðið
- að sjá um að viðeigandi refsingu sé beitt ef umgengisreglur eru alvarlega brotnar
- að sjá um að reglulegt viðhald á húsnæði og annarri aðstöðu fari fram
- að meta kröfur og þarfir um aðstöðu fyrir starfsemi félagsins
- að vera stjórn ráðgefandi hvað varðar tillögur að nýjum framkvæmdum og endurbótum
- að fylgjast með og afla upplýsinga um nýjungar í gerð og rekstri íþróttamannvirkja
- að gera framkvæmdaáætlun í samstarfi við stjórn og fylgja henni eftir

## 7.5 Starfsnefndir

Störf í starfsnefndum gera ákveðnar kröfur til stjórnarmanna, jafnframt því sem þeir sinna afmörkuðum verkefnum sem oft krefjast ákveðinnar fagþekkingar. Með samþykki stjórnar Knattspyrnufélags Reykjavíkur er starfsnefnd heimilt að skipa undirnefnd vegna ákveðinna og aðkallandi verkefna. Stjórnun og störf í starfsnefnd gera kröfur um sjálfstæð vinnubrögð, góða skipulagningu og markvissa stjórnsýslu. Fyrir utan starfsnefndir innan sviða, sem mögulegt er að stofna til, getur félagið og deildir þess staðið fyrir stofnun annarra starfsnefnda eftir þörfum hverju sinni. Helstu reglur varðandi starfsnefndir eru þessar:

### Starfsskipulag

- ritun fundargerða
- samantekt á ársskýrslu sem er afhent stjórn félagsins í janúar ár hvert.

### Tilgangur

- vinna að stefnumótun á viðkomandi sviði og ná þeim markmiðum sem félagið setur sér hverju sinni
- styðja við starf stjórnar og efla samstarf milli deilda félagsins
- tryggja vandaða umfjöllun mála
- vera uppspretta nýrra hugmynda
- afla og viðhalda þekkingu fyrir starfsemi félagsins
- gera þekkingu aðgengilega í starfi félagsins
- vera vettvangur umræðu sem leiði til niðurstöðu og aðgerða
- gera tillögur um lausnir verkefna til aðalstjórnar
- undirbúa og gera tillögur um stefnumörkun félags í viðkomandi málaflokki
- taka þátt í gerð og mati á starfsáætlunum aðalstjórnar
- fylgjast með framkvæmd áætlana
- skapa skilning og miðla þekkingu og reynslu til aðalstjórnar og deilda

## Vinnulag

- setja fram tillögur um vinnulag
- hefja starf í nefnd með úttekt á stöðu í þeim málaflökki sem nefndin fjallar um
- setja fram áætlun um hvernig markmiðum nefndar verði náð
- setja fram tímaáætlun um loka- eða áfangaskil starfsnefndar

## 7.6 Starfsmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélags Reykjavíkur

### 7.6.1 Framkvæmdastjóri aðalstjórnar

Framkvæmdastjóri aðalstjórnar sér um framkvæmdastjórn á ákvörðunum aðalstjórnar og er ábyrgur gagnvart aðalstjórn félagsins og þá sérstaklega gagnvart formanni og tekur fyrir mælum þaðan. Helstu starfssvið eru:

- almenn skrifstofustörf
- kynningarmál
- upplýsingagjöf
- fjáröflunarmál, m.a.
  - samræming á fjáröflunun deilda
- upplýsingakerfi
- tölvumál
- bréfaskriftir
- fundargerðir aðalstjórnar í samvinnu við ritara
- eftirlit með félagaskrá í samvinnu við spjaldskráritara
- umsjón með færslu bókhalds deilda í samráði við gjaldkera aðalstjórnar.

### 7.6.2 Íþróttafulltrúi - starfsmaður deilda

Íþróttafulltrúi - starfsmaður deilda skal hafa yfirumsjón með faglegri hlið þjálfunar í félaginu og veita þjálfurum og stjórnendum faglega ráðgjöf við þjálfun og uppbyggingu. Hann á að vera félagslegur leiðtogi og stuðla að tengslum deilda við stjórn Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Auk þess skal hann stuðla að auknu upplýsingaflæði og samvinnu félagsins við foreldra og stofnanir eins og skóla og fyrirtæki.

Íþróttafulltrúi - starfsmaður deilda skal fylgjast með árangri iðkenda og vinnu þjálfara eins og kostur er. Hann er

deildastjórnnum innan handar við hvers konar skipulagningu á þjálfun og félagsstarfi og fylgist með útfærslu þeirra á markmiðum félagsins. Hann sér um að halda reglulega fundi með stjórnnum deilda og að deildir vinni samkvæmt þeim kröfum sem félagið setur hverju sinni.

Íþróttafulltrúi aðstoðar deildir eftir þörfum, m.a. við val og ráðningu þjálfara sé þess óskað af stjórnnum deilda. Hann hefur umsjón með aðföngum, aðstoðar við skipulagningu móta og keppni og hefur umsjón með íþróttaskóla félagsins. Hann hefur einnig umsjón með nýtingu mannvirkja í samráði við aðalstjórn og stjórn deilda.

### **7.6.3 Starfsmaður aðalstjórnar**

Starfsmaður aðalstjórnar sér m.a. um eftirfarandi málaflokka:

- **umsjón með íþróttaskóla**
- **tölvumál**
- **almenn skrifstofustörf**
- **samstarf við skóla og heildarsamtök íþróttamála**
- **launamál**
- **almenn gjaldkerastörf**



## 8. ÍPRÓTTADEILDIR

Innan Knattspyrnufélags Reykjavíkur eru starfandi eftirfarandi deildir og áhugahópar:

- **Almenningsíþróttadeild**
- **Badmintondeild**
- **Borðtennisdeild**
- **Gímudeild**
- **Handknattleiksdeild**
- **Keiludeild**
- **Knattspyrnudeild**
- **Körfuknattleiksdeild**
- **Skákdeild**
- **Skíðadeild**
- **Sunddeild**
- **KR-konur**
- **Píluvinir**
- **Íþróttaskóli barnanna**

Íþróttaskóli er samstarfsverkefni aðalstjórnar og íþróttadeilda, sjá sérstakan kafla um starfsemi íþróttaskóla.

## 8.1 Rekstur

Deildir félagsins eru með sjálfstæðan rekstur. Þær heyra undir aðalstjórn félagsins eins og lög Knattspyrnufélags Reykjavíkur kveða á um. Undirstaða allrar starfsemi í deildum félagsins er sjálfbóðaliðastarf.

Stjórn deildar skal skipuleggja starfið samkvæmt skipuriti félagsins. Stjórn deildar skal stuðla að því að deildin sé fjárhagslega sjálfstæð og kappkosta að ná inn nægilegum tekjum með iðkendagjöldum, félagsgjöldum, stuðningsgjöldum, auglýsingum og öðru svo að standa megi undir ýmsum greiðslum, s.s. þjálfaralaunum, kostnaði vegna keppnis- og æfingagalla, keppnis- og æfingaferðalaga og auglýsingakostnaði.

Stjórn deildar skal jafnframt hafa það að keppikefli að skila rekstrarhagnaði. Náist ekki afgangur í rekstri eitt árið, skal það vera meginmarkmið að hann náist á næsta rekstrarári.

## 8.2 Félagsmál

Deildin stefnir að því að skapa íbúum og félagsmönnum vettvang til að sinna hugðarefni sínu á sviði íþróttar. Þannig skapar deildin vettvang til að stuðla að samkennd meðal þeirra sem hafa íþróttir að áhugamáli og í tengslum við aðrar deildir að tengja þessa hópa saman. Stuðlað er að því að fjöldi barna í yngstu flokkum verði sem mestur og að þar ríki jákvæður starfsandi, en að keppni aukist smám saman eftir því sem ofar dregur í aldursflokka.

## 8.3 Ráðning þjálfara

Hver deild stefnir að því að ráða sem hæfasta þjálfara sem vól er á hverju sinni, bæði hvað reynslu og menntun varðar. Þjálfarar skulu vera færir um að halda fjölda iðkenda sem mestum jafnhliða því sem þeir auka færni þeirra í íþróttinni. Ráða skal þjálfara við hæfi hvers aldurshóps. Í yngstu aldurshópum skiptir mestu máli að þjálfarar geti kennt undirstöðuatriði auk þess að vera góðir leiðtogar. Í eldri aldurshópum skulu þjálfarar einnig vera góðir fagmenn og leiðtogar sem stefna að hámarksárangri með einstaklinga og hópa. Ráða skal þjálfara í sem bestu samráði við flokksráð.

## 8.4 Markmið með íþróttaiðkun í deildum

### Börn

Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi

- að kynna íþróttir og íþróttagreinar á jákvæðan og leikrænan hátt
- að stuðla að markvissri ástundun íþróttá, einbeitni, sjálfsaga og félagslegum þroska
- að kenna undirstöðuatríði í íþróttagreinum sem hjá félaginu eru stundaðar
- að kynna iðkendum þá skipulagshugsun sem að baki hverri íþróttagrein býr
- að rækta með iðkendum skilning á mikilvægi einstaklingsins og þátttöku hans í hópstarfi til að árangur megi nást
- að ná til eins stórs hluta barna og mögulegt er
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi aldurshóp

### Unglingar

Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi

- að auka færni iðkenda í íþróttagrein
- að dýpka skilning iðkenda á nauðsynlegu skipulagi og sjálfsaga
- að efla þrek með alhliða líkamspjálfun
- að efla félagslegan þroska iðkenda á æfingum og í keppni
- að stuðla að forvörnum gegn vímuefnanotkun
- að stuðla að því að fjöldi iðkenda í aldursflokkum haldist sem mestur
- að undirbúa iðkendur fyrir keppnis- og afrekspjálfun
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi aldurshóp

### Fullorðnir (almenningsíþróttir - öldungar)

Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi

- að gefa fullorðnum kost á að stunda almenna líkams- og heilsurækt
- að gefa fullorðnum kost á að stunda íþróttir við sitt hæfi
- að stuðla að góðum félagsskap
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi aldurshóp

## Keppnis- og afreksmenn

Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi

- að byggja upp keppnis- og afreksfólk úr eigin röðum
- að stefna að því að eiga góða einstaklinga og góð lið á landsvísi í öllum flokkum
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi hóp


## 8.5 Upplýsingar um íþróttadeildir

Hér á eftir er fjallað nánar um deildir félagsins. Þær eru hvattar til að nýta sér innihald íþróttanámskrár til hins ýtrasta og koma á skilvirkri stjórnsýslu þar sem þeim atriðum, stefnum og markmiðum verði náð sem félagið hefur og hér hafa verið nefnd.

### 8.5.1 Almenningsíþróttadeild


Almenningsíþróttadeild var stofnuð á vordögum 2000. Tilgangurinn er að gefa almenningi á öllum aldri, kost á að hreyfa sig og þar með að efla andlegt og líkamlegt heilbrigði.

Fjöldi iðkenda: Fjöldi er breytilegur, en var 50 manns s.l. vor.



## 8.5.2 Badmintondeild

Badmintondeild KR var stofnuð 29. september 1963. Á stofnfundinn mættu hátt í 40 manns. Á þeim 38 árum sem badmintondeildin hefur starfað hafa unnist 8 Íslandsmeistaratitlar í meistaraflokki bæði í einliða og tvíliðaleik karla ásamt nokkrum sigrum í Reykjavíkurmótum.



*Skipurit badmintondeilda KR*

### Fjöldi iðkenda

Skráðir félagar í badmintondeildinni eru um 200. Á síðustu árum hefur þjálfun unglingsflokka haft allan forgang hjá badmintondeildinni og nú er svo komið að um 70 börn og unglingar á aldrinum 7 -20 ára æfa með deildinni.

### Árangur

Árangur þeirra hefur verið með miklum ágætum að undanfögnu. Flokkaskipting er sem hér segir; hnokkar-tátur (U 13), sveinar-meyjar (U 15), drengir-telpur (U 17), piltar-stúlkur (U 19).

## Markmið


Meginmarkmið deildarinnar eru:

- að gera badmintoníþróttinni sem hæst undir höfði og fá sem flest börn og unglinga til að stunda þessu hollu íþrótt
- að auka þol, styrk og fimi iðkenda og miðla þekkingu á líkamanum og þjálfun hans
- að tryggja að hver og einn einstaklingur fái þjálfun við hæfi og sjálfsmynd hans styrkist
- að auka félagslega samkennd iðkenda.

## 8.5.3 Borðtennisdeild

### Stofnun deildar

Borðtennisdeild KR var stofnuð árið 1969 og hafa iðkendur deildarinnar frá upphafi verið í fremstu röð meðal borðtennismanna landsins. Eftir að deildin hefur fengið aðstöðu til fram-búðar í KR-heimilinu, hefur meðlimum deildarinnar fjölgað jafnt og þétt og er nú haldið uppi öflugu starfi í deildinni.



### **Fjöldi iðkenda**

Skráðir félagar í borðtennisdeild KR eru um 130 talsins. Mest áhersla hefur að undanfögnu verið lögð á þjálfun yngri aldursflokka en iðkendur þar eru um 40.

### **Árangur**

Árangur borðtennisdeildar á árum áður var mjög góður. Þar má nefna að lið deildarinnar í flokkakeppni karla varð Íslandsmeistari 19 ár í röð auk þess margir Íslandsmeistaratitlar og aðrir sigrar unnust í einliða og tvíliðaleik.

Á Íslandsmeistaramóti unglunga 2001 unnu keppendur deildarinnar til 13 verðlauna alls, þar af unnust 3 meistaratitlar. Í liðakeppni stúlkna 15-17 ára varð KR í fyrsta og öðru sæti. Þá urðu kvenna- og karlaliðin bæði í öðru sæti í liðakeppni Íslandsmótsins.


### **Markmið**

- Efla þjálfun í yngri aldursflokkum og fjölga iðkendum.
- Stunda öflugt íþróttá- og félagsstarf þar sem allir iðkendur fái verkefni við sitt hæfi.
- Auka félagslega samkennd félaga í borðtennisdeild KR

## 8.5.4 Glímudeild

### Stofnun

Glímudeild KR var stofnuð 1923 fyrir tilstuðlan Kristjáns L. Gestssonar formanns KR. Hann fékk jafnframt Benedikt Waage til þess að þjálfra glímumenn deildarinnar á þeim tíma. Ári síðar, eða þann 17. júní 1924, tóku fjórir glímumenn úr KR þátt í Allsherjarmóti ÍSÍ. Sigurjón Guðjónsson þjálfaði 1926-1928 en við starfi hans tók síðan Þorgeir Jónsson frá Varma-landi, þá Glímukappi Íslands.



Skipurit fyrir glímudeild KR

### Árangur

Í janúar 1929 var fyrst keppt um KR-bikarinn - Glímukappi KR. Um þennan bikar, með örfáum undantekningum, hefur verið keppt allar götur síðan. Fyrsti sigurvegari var Tómas Guðmundsson. Jörgen Þorbergsson tók við af Þorgeiri sem þjálfari 1933. Árið 1942 varð svo Ágúst Kristjánsson þjálfari deildarinnar eða allt fram til ársins 1949 þegar Þorsteinn Kristjánsson tók við. Ýmsir hafa komið að þjálfun barna og unglunga sem of langt mál væri að nefna.

Glímudeild KR hefur átt fjölda afreksmanna í gegnum tíðina, þá sérstaklega á sjöunda, áttunda, níunda og tíunda áratugnum. Þeir KR-ingar sem unnið hafa Grettisbeltið, sem jafnframt er elsti verðlaunagripur sem keppt er um á Íslandi, eru: Sigtryggur Sigurðsson þrisvar sinnum, Jón E. Unndórsson tvisvar, Ómar Úlfarsson einu sinni, Ólafur Haukur Ólafsson fimm sinnum og Skarphéðinn Orri Björnsson einu sinni.

Glíman er enn stunduð hjá Glímudeild KR en þó einungis í barna- og unglingaflokki. Því miður liggur nú glíman niðri hjá eldri flokkum félagsins. Æfingar deildarinnar eru stundaðar í Íþróttahúsi Melaskóla og eru það börn og unglingar á aldrinum 7 - 15 ára sem æfa þar.

### 8.5.5 Handknattleiksdeild


#### Stofnun

Handknattleiksíþróttin barst hingað til lands um 1920 og stóð Valdimar Sveinbjörnsson, íþróttakennari við Menntaskólann í Reykjavík, fyrir kynningu íþróttarinnar innan skólans. Upp úr 1930 tóku knattspyrnumenn KR að æfa þessa íþrótt yfir vetrartímam og 1932 var stofnaður kvennaflokkur innan félagsins.

#### Aðstaða

Íþróttahús KR við Vonarstræti var á upphafsárum félagsins stærsta íþróttahús landsins þar til íshúsi við hlið slökkvi-stöðvarinnar við Tjarnargötu var breytt í æfingahús fyrir knattspyrnu og handknattleik. Sú dýrð stóð ekki lengi, því að árið eftir hertók breska setuliðið KR-húsið og íshúsinu var breytt í Tjarnarbíó. Eftir nokkurra ára hlé fékk íþróttahreyfingin í Reykjavík til eignar íþróttahús bandaríska hersins við Hálogaland og þá tók að vænkast hagur handknattleiksins í Reykjavík.

Þótt hvert félag fengi ekki marga æfingatíma í húsinu, færðist handknattleikurinn innan KR mjög í aukana á næstu árum og tók síðan stór skref fram á við þegar fyrsta íþróttahús félagsins í Frostaskjóli var tekið í notkun í ársbyrjun 1953. Þetta leiddi fljótlega til Íslandsmeistaratitla meistaraflokkanna utan-húss, kvennaflokksins 1954 og karlalíðsins 1955. Samtímis áttu



Skipurit fyrir handknattleiksdeild KR

báðir meistaraflokkarnir sína „Gullöld“ á seinni helmingi 6. áratugs síðustu aldar. Kvennaliðið varð Íslandsmeistari innanhúss 1955 og 1959 en karlinni varð titillinn aðeins einu sinni eða árið 1959. Á þessum tíma háði liðið marga tvísýna úrslitaleiki gegn FH. Þá fóru þessir flokkar á þessum árum í tvígang í heimsókn til dönsku meistaranna, Helsingör IF og haustið 1963 fór meistaraflokkur karla hringferð um Vestur-Þýskaland. Endurtók mfl. félagsins slíka ferð haustið 1978.

Haustið 1971 tók félagið í notkun nýtt og stærra íþróttahúsi í Frostaskjól til viðbótar við hið fyrra. Þarna er gölfllöturinn 19 x 38 m og jókst þátttaka í handknattleik til mikilla muna við þetta, þótt ekki kæmu mikið fleiri titlar í meistaraflokki, utan bikarmeistaratitlar í kvennaflokki 1977 og karlaflokki 1982. Félagið átti lengst af mjög sterka, fjölmenna og sigursæla yngri flokka. Er frá leið fór að síga á ógæfuhliðina hjá handknattleiksdeild félagsins vegna skorts á breiðri og sterkri forystu. Árið 1997 var gengið til samstarfs við Ungmennafélagið

Gróttu á Seltjarnarnesi um að senda sameiginleg meistara-flokkslið karla og kvenna til þátttöku í Íslandsmótum. Haustið 1999 var nýtt og mikið íþróttahús á grunni fyrsta íþróttahússins við Frostaskjól tekið í notkun. Það er með 1500 fermetra gólfleti og rúmar um 800 áhorfendur en alls er húsið 3300 fermetrar. Framtíðin mun sýna hvort þessi glæsilega aðstaða á eftir að hefja handknattleikinn á ný til vegs og virðingar innan KR.

### **Árangur**

#### **Meistarafll. kvenna**

Reykjavíkarmeistarar: 1959, 1960

Íslandsmeistarar innanhúss: 1955, 1959

Bikarmeistarar: 1977

Íslandsmeistarar utanhúss: 1954, 1955, 1958, 1959, 1960

#### **Meistarafll. karla**

Reykjavíkarmeistarar: 1952, 1956, 1957, 1958, 1959, 1988

Íslandsmeistarar innanhúss: 1958


Bikarmeistarar: 1982

Íslandsmeistarar utanhúss: 1955, 1981

## 8.5.6 Keiludeild

### Stofnun og iðkendur

Keiludeild KR var stofnuð 30. júní 1990. Um 30-60 iðkendur hafa að jafnaði verið í deildinni á hverju keppnistímabili. Keppnistímabil í keilu er frá byrjun september til loka maí. Aðal keppnis- og æfingastaða deildarinnar er í Keiluhöllinni við Öskjuhlíð. Keppnisfólk keiludeildar KR hafa ætíð verið í fremstu röð hér á landi, hvort sem er í hóp- eða einstaklingskeppni.




*Skipurit fyrir keiludeild KR*

## 8.5.7 Knattspyrnudeild

### Stofnun

KR var stofnað undir nafninu Fótboltafélag Reykjavíkur árið 1899 og er því elsta starfandi knattspyrnufélag landsins. Fyrstu árin var eingöngu stunduð knattspyrna í félaginu en seinna bættust ýmsar íþróttagreinir við. Eftir að deildaskipting í KR var tekin upp hefur knattspyrnudeild starfað sjálfstætt og af miklum krafti.



Skipurit fyrir knattspyrnudeild KR

### Árangur

Árið 1912 varð KR fyrsti Íslandsmeistari í knattspyrnu, fyrsti bikarmeistari í knattspyrnu árið 1960, fyrst íslenskra liða til að taka þátt í Evrópukeppni árið 1964, eina félagið á Íslandi sem hefur unnið tvöfalt (Íslandsmót og bikarkeppni) bæði í karla- og kvennknattspyrnu árið 1999 og fyrst íslenskra liða til að taka þátt í Evrópukeppni kvennaliða árið 2001.

KR hefur, þegar þetta er skrifað árið 2001, orðið Íslands-

meistari karla samtals 22 sinnum, 10 sinnum bikarmeistari og 14 sinnum unnið sér rétt til að taka þátt í Evrópukeppni.

Í nóvember 1998 samþykkti aðalfundur knattspyrnudeildar nýja stefnu fyrir knattspyrnudeild KR sem felur í sér leiðarljós deildarinnar ásamt fjórum undirstefnum, þ.e. uppeldisstefnu, afreksstefnu, eldriflokkastefnu og félagsstarfsstefnu. Á sama tíma var hlutafélagið KR-Sport hf. stofnað og gerði knattspyrnudeildin samning við það félag um rekstur meistara-flokks, varaliðs og unglingsliðs karla. Stefnan eins og hún var samþykkt árið 1998 er birt í heild hér aftar. Um leið og stefnan var samþykkt var samþykkt nýtt skipurit fyrir deildina sem endurspeglar stefnuna. Með þessum breytingum var skilið rekstrarlega og fjárhagslega á milli afreksknattspyrnu og uppeldisþáttarins.

### **Afreksstefna**

Tilgangur

- **Að skapa úrvals knattspyrnulið sem ná langt á Evrópumótum**

Markmið

- **Íslandsmeistarar, bikarmeistarar eða árleg þátttaka í Evrópumótum**
- **Efnilegir og góðir leikmenn sækjast eftir að koma í KR**

Stefna

- **Markviss og skemmtileg sóknarknattspyrna**
- **Nýta ávallt bestu fáanlega þekkingu til að vinna með þjálfun, hugarástand og lífstíl leikmanna**
- **Aðstoða leikmenn til að komast í atvinnumennsku ef þeir óska**
- **Aðstoða til að æfa og keppa meira en önnur lið**
- **Umhyggja fyrir leikmönnum og þeim sem sækja okkur heim**
- **Faglegur rekstur sem nýtir allar vænlegar fjáröflunarleiðir og skilar góðum hagnaði**

### **Uppeldisstefna**

Tilgangur

- **Foreldrar og skólayfirvöld treysta því að barna- og unglingsstarf KR sé eins og best gerist**

## Markmið

- Að ala upp besta knattspyrnufólk landsins
- flestir uppaldir Vesturbæingar eru virkir KR-ingar alla ævi
- KR-ingar eru heilbrigðir og vel undirbúnir undir lífið

## Stefna

- Öflugt barnastarf í samvinnu við skólana
- Unglingastefna sem gefur öllum tækifæri
- Keppnisstefna með áherslu á uppeldi og þroska fremur en sigur
- Heilsteypt og samræmd þjálfun allra flokka
- Umhyggja fyrir hverjum einstaklingi

## Eldriflokkastefna

### Tilgangur

- Allir KR-ingar sem óska þess hafi aðstöðu og tækifæri til að stunda knattspyrnu sér til gamans á vegum KR

## Markmið

- Enginn hætti að stunda knattspyrnu í KR vegna áhuga-  
leysis félagsins að skorts á aðstöðu og tækifærum

## Stefna

- Tækifæri, aðstaða, þjálfun og ráðgjöf fyrir alla
- Sýnilegur áhugi félagsins á líkamsrækt
- Umhyggja fyrir hverjum einstaklingi
- Æfingagjöld standi undir kostnaði við líkamsrækt

## Félagsstarfsstefna

### Tilgangur

- Skemmtilegt og áhugavert að starfa fyrir KR sem leið-  
togi, þjálfari, dómari eða við önnur sjálfbóðaliðastörf

## Markmið

- Hæfa leiðtoga, þjálfara og dómara skorti aldrei í KR
- Eftirsótt að vinna sem sjálfbóðaliði fyrir KR

## Stefna

- Markvisst val og uppeldi leiðtoga, þjálfara og dómara,
- Gera þjálfun og dómgæslu að spennandi valkosti
- Markviss samskipti við félagsmenn og þakklæti sýnt í verki
- Mikil samskipti og gott upplýsingastreymi

### **Stjórnskipulag**

Í stjórn deildarinnar eru 7 menn: Formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og formenn uppeldisnefndar, eldriflokka-nefndar og félagsstarfsnefndar. Hver hinna þriggja nefnda samanstendur af minnst þremur nefndarmönnum og vinnur í samræmi við viðkomandi stefnu. Auk þjálfara hefur deildin tvo starfsmenn, yfirþjálfara yngri flokka og rekstrarstjóra skrifstofu

### **KR-sport hf.**

KR-sport hf. vinnur eftir afreksstefnu deildarinnar og í samræmi við samning deildarinnar við KR-sport hf. KR-sport hf. hefur sjálfstæða stjórn og sjálfstæðan framkvæmdastjóra sem eingöngu sinnir verkefnum þess.

KR-sport er ekki hluti knattspyrnudeildar, heldur sjálfstætt fyrirtæki sem rekur og ber ábyrgð á meistara- og 2. flokki karla samkvæmt samningi þar um við deildina.


### **KR-klúbburinn**

KR-klúbburinn er sjálfstæður stuðningsmannaklúbbur innan knattspyrnudeildar. Félagar í knattspyrnudeild KR eru annað hvort iðkendur eða félagar í KR-klúbbum. Klúbburinn starfar að margvíslegum málum fyrir deildina, sérstaklega í tengslum við meistaraflokk karla.

## **8.5.8 Körfuknattleiksdeild**

### **Stofnun**

Körfuknattleiksdeild KR var stofnuð 30. október 1956 af nokkrum áhugasömum ungum mönnum í Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og hefur starfað af miklum krafti æ síðan. Deildin hafði strax frá upphafi á stefnuskrá sinni að halda úti öflugum starfi í öllum aldursflokkum, bæði karla og kvenna, og hefur svo verið æ síðan.



*Skipurit fyrir körfuknattleiksdeild KR*

## Árangur

Eftir nokkur ár uppbyggingar hófst tímabil frábærs árangurs afreksflokka félagsins er meistaraflokkur kvenna varð Íslandsmeistari 1961. Meistaraflokkur karla fylgdi svo á eftir og á árunum 1965-79 sigraði félagið í 14 landsmótum og hóf einnig þátttöku í Evrópukeppni í körfuknattleik, fyrst íslenskra félaga. Á þessu tímabili var félagið fyrst til að vinna 1. deild karla árið 1965, fyrst til að sigra í Úrvalsdeild árið 1979 og fyrst til að vinna bikarkeppni KKÍ árið 1970, en það mót vann félagið síðan 5 ár í röð. Afreksflokkar félagsins hafa síðan sigrað á fjölmörgum landsmótum og nú síðast varð félagið Íslandsmeistari í Úrvalsdeild karla árið 2000 og Íslandsmeistari í 1. deild kvenna og bikarmeistari árið 1999 og aftur árið 2001. Ekkert annað félag hefur sigrað eins oft á Íslandsmóti allra aldersflokka í körfuknattleik eins og KR eða alls 100 sinnum.

## **Markmið**

Markmið deildarinnar eru í meginatriðum þrennskonar. Í fyrsta lagi að halda úti öfluggu barna- og unglingastarfi í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld til að byggja upp heilbriggt og þroskað íþróttafólk, þar sem allir, bæði drengir og stúlkur, fá tækifæri til að læra og iðka körfuknattleik og ná árangri í íþróttinni, eins og hæfileikar hvers og eins gefa tilefni til. Körfuknattleikur er íþrótt fyrir alla, þar sem leikni er framar líkamsburðum og allir geta verið með. Í öðru lagi er afreksstefna deildarinnar, þar sem markmiðið er að vera besta félagið á Íslandi í keppni afreksflokka og vera með bestu leikmennina í meistaraflokki karla og kvenna og sigra í öllum leikjum og öllum mótum, sem tekið er þátt í á hverjum tíma. Í þriðja lagi er það markmið deildarinnar að halda úti öfluggu félagsstarfi í tengslum við körfuknattleik hvort sem um er að ræða iðkun íþróttarinnar til ánægju, þjálfun, dómgæslu eða annað starf til að efla áhuga og útbreiðslu íþróttarinnar, þátttöku í uppeldisstarfi eða stjórnun til uppbyggingar í nútíð og framtíð.

## **Skipulag**

Stjórn körfuknattleiksdeildar KR ræður málefnum deildarinnar, en hún er skipuð 7 mönnum undir forsæti formanns. Sérskipuð ráð starfa að einstökum málaflokkum, s.s. unglingaráð, sem fer með málefni yngri flokka og hefur sér til liðsinnis foreldraráð í einstökum aldursflokkum, meistaraflokksráð, sem fjallar um málefni meistaraflokks karla, kvennaráð, sem styður við kvennastarf í deildinni og heimaleikjaráð, sem annast framkvæmd heimaleikja félagsins. Einnig starfar sérstakur stuðningsmannaklúbbur, sem styður við bakið á starfsemi deildarinnar.

## **Starfsemin**


Innan körfuknattleiksdeildar KR eru fjölmargir félagsmenn, bæði iðkendur, sem að jafnaði eru um 200, og aðrir félagsmenn, sem starfa í tengslum við hana. Æfingar bjóðast öllum aldursflokkum bæði karla og kvenna á öllum tímum árs í íþróttahúsi

KR við Kaplaskjól. Félagið sendir eitt eða fleiri lið í keppni í öllum aldursflokkum frá og með 10 ára aldri. Til þess að ná markmiðum sínum leitast félagið við að ráða til starfa hæfa þjálfara, sem síðan hafa umsjón hver með sínum flokki undir yfirumsjón yfirþjálfara, sem annast samræmingu þjálfunarmála innan félagsins. Mikið sjálfbóðaliðastarf er unnið í deildinni til þess að reksturinn gangi upp, þ.á m. öll stjórnun sem og starf þeirra fjölmörgu sem leggja hönd á plóginn við framkvæmd fjölliðamóta yngri flokka og keppnishald afreksflokka. Félagsmenn hafa verið og eru virkir í starfi og stefnumörkun innan körfuknattleikshreyfingarinnar á Íslandi og hafa lagt sitt af mörkum til að styrkja stöðu íþróttarinnar og auka veg hennar í íslenskum menningar- og íþróttiheimi. Upplýsingar um fjölbreytta starfsemi deildarinnar er að finna á heimasíðu hennar á veraldarvefnum: <http://www.kr.is/karfan>

## 8.5.9 Skíðadeild

### Stofnun

Skipulögð skíðaiðkun KR-inga hófst með stofnun ferðanefndar árið 1934 og að frumkvæði stjórnar fóru félagar, bæði karlar og konur, að æfa reglulega og keppa fyrir hönd félagsins. Skíðadeild KR var formlega stofnuð 1936 og tók hún þá við starfi ferðanefndar og aðalstjórnar. Fyrsta stórátakið var bygging skíðaskála í Skálafelli haustið 1936. Undir forystu Björns Þórðarsonar og Stefáns Gíslasonar (sem Stefánsmótið er kennt við) var skíðaskáli byggður, samkvæmt teikningu Gísla Halldórssonar, af fjölda sjálfbóðaliða. Myndaðist þar harður og fjömennur kjarni, allt að hundrað einstaklingar, sem héldu hópinn og lögðu grunninn að skíðaíþróttinni hjá KR.



Skipurit fyrir skíðadeild KR

## Aðstæður

Skíðadeild KR byggði upp skíðasvæði í Skálafelli og rak það til fjölda ára en síðar voru lyftur og mannvirki, að undanskildum skíðaskála félagsins, seld Reykjavíkurborg. Deildin á tvo skíðaskála í Skálafelli og hefur þar sitt æfingasvæði í góðri samvinnu við Bláfjallanefnd sem rekur skíðasvæðið.

## Fjöldi iðkenda

Fjöldi iðkenda hjá Skíðadeild KR er nokkuð misjafn eftir árum. Árferði skiptir þar miklu máli. Þegar vel viðrar, þ.e. þegar vetur eru snjópungir, verður iðkendahópurinn stór, en minnk- ar að sama skapi þegar ekki gefur í fjöllin til skíðaiðkunar. Undanfarin ár hefur stærð hópsins verið á bilinu 40-80 börn og unglingar. Kjarni hópsins er nokkuð stöðugur en alltaf koma inn nýir félagar og aðrir hverfa á braut til annarra verkefna.


## Helstu afrek

Skíðadeild KR hefur í gegnum tíðina haft á að skipa fjölmennum hópi afreksfólks, jafnt karla og kvenna, sem hafa sigrað á héraðsmótum, bikarmótum, landsmótum og tekið þátt með góðum árangri í stórmótum erlendis og bera þar hæst Vetrar-Ólympíuleikarnir.

## 8.5.10 Sunddeild

### Stofnun

Sundiðkun var tekin upp innan vébanda KR árið 1923 og fullt stjórnunarlegt sjálfstæði fékk Sunddeild KR árið 1948. Stofnarið er þó jafnan talið 1923. Heimavöllur deildarinnar er í Sundlaug Vesturbæjar en auk þess er mikið notast við Sundlaug Sel-tjarnarness og aðrar laugar á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótarlaugarrými hefur verið meðal helstu opinberu baráttumála Sunddeildar KR á seinustu árum.



## Árangur

KR-ingar hafa alla tíð verið áberandi meðal íslensks afreksfólks í sundi. KR-ingar áttu frækna sjósundskappa á tuttugustu öld og um langt árabíl var KR með fremsta sundknattleikslíð landsins. KR-ingar hafa keppt í sundi á helstu alþjóðlegu íþróttamótunum, s.s. Evrópumótum og Ólympíuleikum. Sunddeild KR er meðal sterkustu sundfélaga á Íslandi.

## Markmið

Markmið sunddeildar KR er að efla sundiðkun og góðar lífsvenjur með útbreiðslu sundíþróttarinnar. Í æfingahópum deildarinnar er sundfólki kennt að temja sér heilsusamlegar lífsvenjur og jákvæð og styrkjandi lífsviðhorf. Sunddeild KR gegnir, eins og öll íþróttahreyfingin, mikilvægu uppeldishlutverki og skulu allir meðlimir deildar hagnast á starfi sínu, líkamlega og andlega.

## Sundfólk Sunddeildar KR

- æfir sundíþróttina til að ná árangri og fylgir fyrirmælum þjálfara
- skal taka virkan þátt í því að gera deildina að enn öflugra sundfélagi
- tekur þátt í að afla fjár til ferðalaga og keppni
- nýtur fræðslu um árangursríkar þjálfunaraðferðir og almenna góða lífnaðarhætti og mannasiði.
- skal vera félagi sínu glæsilegir fulltrúar hvar sem það er í þess nafni

## Þjálfarar Sunddeildar KR

- skulu njóta trausts stjórnar og starfa samkvæmt samþykktum hennar
- heyra undir yfirþjálfara deildarinnar og starfa eftir þeim leiðum sem yfirþjálfari telur viðeigandi hverju sinni
- ljúka A stigi þjálfaramenntunar SSÍ á fyrsta starfsári sínu fyrir deildina ef þeir hafa ekki þegar lokið því
- leita eftir fróðleik og fræðslu um málefni sem tengjast þjálfarastarfinu
- skulu vera sundfólki sínu heilbrigðar og jákvæðar fyrirmyndir og leitast við að rækta heilsteypa og agaða einstaklinga

## Stjórnarmeðlimir Sunddeildar KR

- sjá um almennan rekstur deildarinnar: ráðningu þjálfara, fjármál, æfingagjöld
- útvega það sem yfirþjálfari þarfnast og stjórnin samþykkir, t.d. matvæli fyrir ferðalög, gistirými, æfingagalla, farseðla og æfingatæki
- sjá um kynningarmál fyrir deildina og útbreiðslustarf
- sjá um rekstur móta sem deildin ber ábyrgð á
- virkja foreldra sundfólks til samstarfs þannig að sem flestir taki virkan þátt í uppbyggingu og viðhaldi félagsins

### 8.5.11 KR-konur

#### Stofnun

KR-konur voru stofnaðar á vormánuðum árið 1973. Í stofnsamþykktum KR-kvenna segir: „KR-konur eru stofnaðar til að styðja og styrkja íþróttagreinar kvenna og yngri flokka hinna ýmsu íþróttagreina innan Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Einnig skulu KR-konur byggja upp og hlúa að mannvirkjum, þ.e.a.s. félagsheimili, með kaupum á innanstokksmunum og/eða því sem til fellur hverju sinni.“

#### Starfsemi

Í KR-konum eru skráðar 187 konur sem greiða félagsgjald árlega. Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði þar sem fyrirlestrar um hin ýmsu málefni eru á dagskrá og er greiddur aðgagnseyrir fyrir kaffi og meðlæti. Haldin eru styrktarkvöld fyrir einhverjar af þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru í KR einu sinni að vetri. Fer þá ágóði af því kvöldi til viðkomandi deilda. Fastir liðir í starfinu eru síðan aðventukvöld og vorhátíð. Starfsemin fer fram á tímabilinu frá september til maí.

## 8.5.12 Píluvinir

Píluvinafélag KR var stofnað af þeim Heimi Guðjónssyni, Herði Sófussyni og Þorsteini Kristjánssyni árið 1988. Tilgangur með stofnun þess var að fá eldri féлага úr knattspyrnudeildinni til að koma saman í félagsheimilinu yfir vetrartímamann og spila pílukast.

Heimir var kjörinn fyrsti formaður píluvina og stjórnaði af mikilli röggsemi í sjö ár með dyggri aðstoð Harðar Sófussonar en leiðbeinandi og þjálfari var Þorsteinn. Valgarður Bjarnason var formaður næstu tvö árin en þá tók Jakob Pétursson við formennsku í þrjú og hálf ár eða til síðustu áramóta.

Fastir liðir í starfsemi píluvina eru pílumót sjö sinnum á vetri. Keppt er um glæsilega verðlaunagrip og á þessi mót hafa mætt frá 30 til 60 manns og óhætt að segja að þeir félagar hafi hitt í mark þegar þeir stofnuðu píluvinafélagið.

Kúttmagakvöld eru haldin á hverju ári í félagsheimilinu, þekktir menn úr þjóðfélaginu hafa verið fengnir sem ræðumenn kvöldsins ásamt ýmsum öðrum uppákomum.

Utanlandsferðir eru reglulega farnar annað hvert ár til Bretlandseyja. Farið er á knattspyrnuleik og keppt í pílukasti. Höfum við unnið í fjórum af sex skiptum og verður það að teljast mjög góður árangur. Fyrir þessar ferðir hafa verið æfingar tvisvar í viku. Síðustu ár hefur Elías Magnússon verið þjálfari. Fleira er gert, svo sem að keppa við önnur félög heima og að heiman, t.d. Grindavík sem hefur til langs tíma átt marga af bestu píluköstum landsins.

Tonnið, blað píluvinafélagsins, hefur komið út í nokkur ár og er reynt að gefa út blað fyrir hvert mót.

Píluvinafélagið mun hér eftir sem hingað til styðja við bak-ið á starfsemi KR, aðallega knattspyrnudeildinni og má kannski segja að píluvinir séu nokkurskonar bakverðir knattspyrnudeildar KR.

### 8.5.13 Skákdeild KR

Um árabíl hefur skákinni verið gert hærra undir höfði í félagsstarfi KR en hjá öðrum almennum íþróttafélögum. Þannig hefur árlega verið teft um titilinn skákmeistari KR. Fyrir fáum árum hófu nokkrir KR-ingar að tefla reglulega í félagsheimilinu. Helstu hvatamenn að þessu voru þeir Jóhann Þórir Jónsson og Björn L. Lárusson. Þessir frumherjar eru nú báðir fallnir í valinn.

Á árinu 1999 var stofnað taflfélagið Skákdeild KR og hefur starfsemi félagsins dafnað vel, en skráðir félagar eru nú á milli 50-60. Félagið heldur vikulegar skákæfingar og er aðsókn að skákkvöldunum mikil og fer vaxandi. Að jafnaði mæta nú allt að 25 menn til keppni á æfingar.

Skákdeildin á sér það markmið að vinna að kennslu, kynningu og útbreiðslu skákar í Vesturbæ. Þessu markmiði teljum við vænlegast að ná í gegnum skólana og með almennu félagsstarfi.

Skákdeildin hefur lengi leitað eftir því að fá tryggt „eigið“ húsnæði fyrir starfsemi sína þannig að ekki raski annarri starfsemi í félagsheimilinu. Nú hefur fundist lausn á því og hefur deildin fengið aðstöðu á 2. hæð í Íþróttahúsi KR. Er ekki að efa að þetta muni styrkja stöðu skákarinnar innan KR í framtíðinni.

Stjórn Skákdeildar KR er skipuð 5 mönnum.

### 8.5.14 Íþróttaskóli barnanna

#### Stofnun

Íþróttaskóli barnanna í KR var stofnaður haustið 1992 og hefur starfað sleitulaust síðan. Í upphafi var einungis um að ræða æfingar fyrir 3-6 ára börn sem æfðu einu sinni í viku. Í ársbyrjun 1998 voru færðar út kvíarnar og hófst þá samstarf við grunnskólana í Vesturbænum um rekstur íþróttaskóla fyrir börn.

### **Fjöldi iðkenda og árangur**

Fjöldi skráðra iðkenda er nokkuð breytilegur frá ári til árs. Árangur nemenda íþróttaskólans hefur verið góður og eru þetta oft á tíðum fyrstu skrefin sem ungir iðkendur stíga á sviði íþróttaiðkunar.

### **Markmið**

Markmið íþróttaskólans eru m.a.:

- að veita sem flestum börnum tækifæri til alhliða hreyfinaá- náms og íþróttar
- að stuðla að aukinni hreyfingu og vellíðan barna
- sjá nánar umfjöllun um íþróttaskóla í þessari námskrá



## 9. KEPPNIS-, ÆFINGA- OG FÉLAGSAÐSTAÐA KNATT-SPYRNUFÉLAGS REYKJAVÍKUR

### Íþróttahús

Í íþróttahúsinu eru 3 íþróttasalir. A-salur 1500 fm sem hægt er að skipta í þrennt. B-salur 889 fm og C-salur 180 fm. Í húsinu eru 10 búningsherbergi, 5 skrifstofur, auk 4 herbergja til tómstundastarfa. Tveir langir gangar, 2 svalir, 2 kennaraherbergi, 2 fundarherbergi, gufuherbergi með potti, 1 þvottahús, 2 ræstingaherbergi, 5 geymslur, 3 almenningssalerni, félagsheimili, eldhús, anddyri, afgreiðsla, áhaldageymsla og útigeymsla. Samtals: 5.136 fm.

### Útisvæði

Áhorfendasvæði auk yfirbyggðrar stúku og áhorfendapalla beggja vegna stúku, sem taka alls um 3000 áhorfendur. Grasvellir eru 3 á svæðinu, 1 malarvöllur, 1 gervigrassparkvöllur og grasbalar við Frostaskjól.

### **Önnur mannvirki**

Líkamsræktarstöð er bygging á suðvesturhluta KR-svæðis við Frostaskjól, alls 656 fm.

Mannvirki KR í Skálafelli sem eru samtals 137,2 fm.